

TÍMAFLAKK

með Markúsi

7. hefti

Júní 2024



Lært og
leikið við
breytilegar
aðstæður

Markús Örn Antonsson segir frá

Skólinn sem annað heimili

Ég byrjaði snemma að sýna dagblöðunum áhuga. Lestrarkunnáttan var að vísu ekki upp á marga fiska en fór vaxandi árið 1949, þegar sírenuvæl úr miðbænum barst til okkar á vordögum, langtímum saman. Þetta var miklu meira en gerðist þegar sjúkrabíllinn fór á Landspítalann eða lögga og slökkvilið hröðuðu för sinni um Miklatorgið. Menn létu ófriðlega á Austurvelli og það þurfti að skakka leikinn. Heim í braggann við flugvöllinn bárust fleiri dagblöð en venjulega því að hjá eldra fólkinu var mikill áhugi á atburðarásinni. Ég gat stautað mig fram úr fyrirsögnum og skynjaði að alvara var á ferð. Smám saman varð mér ljóst að í stjórnámálum innanlands og í heimsmálum voru átakalínur að skerpast frá því sem verið hafði fyrst eftir stríð. Lönd og lýðir urðu fyrir barðinu á þessari skautun sem aldrei fyrr. Nú var það kallað kalt stríð. Og með því lifðum við til langrar frambúðar og gerum enn.

En sem betur fer létum við krakkarnir þetta ekki á okkur fá. Lífið hélt áfram sinn vanagang og mörg áttum við nýjum tímamótum að fagna við inngöngu í formlegan barnaskóla. Í mínu tilviki var fjölskyldan á vergangi um skeið en þó var undirliggjandi kjölfesta fyrir mig: Ég átti að byrja í Laugarnesskólanum, því að senn myndum við flytja í nýtt bæjarhverfi, óralangt austur í Fossvogi, sem kallaðist Bústaðahverfi.

Laugarnesskólanum mátti líkja við mitt annað heimili á árunum, sem í hönd fóru. Þess vegna geri ég honum og þroskandi áhrifum hans ítarleg skil í þessu hefti af Tímaflakkinu. Mér sóttist námið vel og opnaði það mér leið að þátttöku í leiklistarstarfi skólans og barnakórnum. Sýndi ég hvoru tveggja leiftrandi áhuga þó að um langan veg væri að fara í aukatíma og æfingar

eftir að við vorum flutt í Bústaðahverfið.

Laugarnesskólinn var mér mikilvægt athvarf í barnæskunni. Þar störfuðu margir afburðakennarar og stjórnendur sem áunnu skólanum virðingu í öllu bæjarsamfélaginu fyrir reglu og aga auk góðs námsárangurs nemenda. Jónas Guðjónsson, Skeggi Ásbjarnarson og Sveinn Kristjánsson voru umsjónarkennarar mínir, Jónas í 7 ára bekk en Sveinn í unglingadeildinni. Skeggi kenndi bekknum okkar



Höggmynd Ásmundar Sveinssonar við Laugarnesskólann.

flestar námsgreinar öll hin árin og stjórnaði þar að auki leiksýningum um jól og páska. Þætti Ingólfs Guðbrandssonar má ekki gleyma. Hann stjórnaði daglegum morgunsöng skólans og barnakórnum, sem ég gekk fljótlega til liðs við. Jón Sigurðsson, skólastjóri, studdi allt það starf heilshugar. Ingólfur kynnti okkur fyrir tónlistargyðjunni með varanlegum,

uppeldislegum áhrifum. Starf Ingólfs var mikils metið langt út fyrir vegg skólans. Eftir nemendatónleika í Gamla bíó. sem kórinn tók þátt í 1953, ritaði Páll Ísólfsson, tónskáld, stuttan pistil í Morgunblaðið, þar sem hann sagði m.a.:

“Er ég fyrir skömmu var viðstaddur morgunsöng nemendanna í skólanum, þar sem mörg hundruð börn tóku lagið saman, undir stjórn Ingólfs, en höfðu áður hlýtt á einlæg og alvarleg hvatningarorð skólastjórans um að bregðast ekki þjóð sinni, landi og tungu og nota frístundirnar til þess að lesa góðar bókmenntir og iðka fagrar listir, var mér skyndilega innan brjósts eins og ég væri kominn á konsert hjá einhverjum meistaranum. Hér var á ferðinni eitthvað, sem í látleysi sínu, einlægni og reisn kom við hjartað í mér”.

MÖA

Út um grænar grundir

Snemma vors árið 1951 sá fyrir endann á flutningi fjölskyldunnar milli þröngra bráðabirgðaheimkynna. Það var unnið af krafti að standsetningu nýju íbúðarinnar, sem við höfðum fengið úthlutað á Bústaðavegi 61, í nýju íbúðahverfi, sem bæjaryfirvöld höfðu forgöngu um að reisa til að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Ég man eftir fyrstu heimsókn á þessar slóðir, sem voru langt utan bæjarmarkanna, raunverulega uppi í sveit, því að á nærliggjandi býlum var enn stundaður landbúnaður, kúabúskapur í Sogamýrinni en einnig hæsnarækt á nokkrum stórum hæsnabúum. Í Fossvogsdalnum voru ósnortnar grænar grundir með undantekningum af sumarhúsum betri borgara í Reykjavík, sem sum hver voru orðin að heilsársbústöðum nýrra eigenda eða leigjenda. Hvergi sá til byggðarenda í hinum gamla Reykjavíkurbæ. Þetta nýja 100 íbúða hverfi var gjörsamlega aðskilið frá bænum nokkurskonar “gettó” og strætisvagnasamgöngur við það stoppar fyrst í stað. Hverfið var umlukið svokölluðum erfðafestulöndum, sem bæjaryfirvöld höfðu

úthlutað til garðyrkju og kúabúskapar, og höfðu komið m.a. að góðum notum þegar fæða þurfti bæjarbúa á kreppuárunum. Þessi svæði voru kölluð “blettir” og öll númeruð: Bústaðablettir, Fossvogsblettir, Sogamýrarblettir. Nágrenni Bústaðahverfisins nýja var sem sagt mjög “blettótt”.

Við gengum frá Bústaðaveginum upp á Grensáshæðina, þar sem nú er Hæðargarður.



Nýbyggð húsin á horni Grensásvegjar og Hólmgarðs. Strætó leið 8 stoppaði við næst efsta húsið. Þar áttu margir leið um.

Þaðan blöstu við nokkrir bæir og graslendi í Sogamýrinni. Grösug tún svo langt sem augað eygði, þannig að ég átti erfitt með að staðsetja kennileiti. Jú, þarna langt í burtu sá ég íþróttahúsið á Hálogalandi, gamla skemmu frá stríðsárunum, sem stóð norðan Suðurlandsbrautar þar sem Skeiðarvogur er nú. Þetta hafði verið íþróttahús hermannanna í setuliðinu og síðar íþróttafélaganna í Reykjavík sem héldu þar m.a. hnefaleikamót áður en boxið var bannað með lögum 1958.

Inni við Langholtsveg voru “sænsku húsin” risin af grunni, verksmiðjuframleidd einbýlishús 23 að tölu, sem komin voru frá Svíþjóð á vegum byggingasamvinnufélags. Ekki var laust við að ýmsir hafi litið öfundaraugum til þeirra. Við gengum svo norður Grensásveginn og samlöguðumst þessu fallega málverki af vorkvöldi í Reykjavík þar sem við löbbuðum niður að sveitabýlunum Litlu-Hlíð og Sjónarhóli rétt við Sogaveginn til að taka strætó inn í bæinn.

Meðan ég var í sveitinni sumarið 1951 var lokið framkvæmdum við íbúðina okkar á Bústaðaveginum, sem var á efri hæð, 90 fermetrar, þrjú herbergi og eldhús og það auk geymslurýmis í lágu risi. Fjölskyldan var nýflutt í íbúðina sína þegar ég kom aftur úr sveitardvölinni og naut þess vel að vera komin í sitt eigið húsnæði, þrátt fyrir frumbýlingsástandið sem í hverfinu ríkti. Smám saman kynntist maður nýjum leikfélögum, því að þarna var barnaskarinn mikill. Fjöldi húsa var enn í byggingu og stóðu þau opin þannig að þar urðu vinsæl leiksvæði fyrir feluleiki og skylmingar, sem bárust á milli hæða í hálfmyrkvuðum “kastalabyggingum” og draugahúsum. Það þótti ekki tiltökumál að stíga á naglaspytu og fá tútommu í gegnum gúmmískóna upp í ilina. Þó gat slík óheppni haft alvarlegar afleiðingar. Þegar Kalli bróðir var 6 ára datt hann á nagla, sem stakkt inn í hné og olli ígerð. Þýddi það nokkurra vikna legu fyrir hann á 8 manna stofu á Landakoti, sem var timburhús, reist árið 1902 fyrir söfnunarfé frá Evrópu. Ekki var amalegt fyrir okkur krakkana að hlaupa niður túnin í Fossvoginum



Sogamýrin um 1950. Aðalvegirnir inn að Elliðaádm eru Suðurlandsbraut til vinstri og Sogavegur til hægri. Sveitabýli og sumarhús Reykvíkinga á víð og dreif.



Íþróttahúsið á Hálogalandi sem setuliðið lét reisa blasti við af Grenáshæðinni. Þarna fóru fram innanhússmót íþróttafélaganna, m.a. í boxi.



Úrlausnir í húsnæðismálum upp úr 1950. Efst á myndinni er Bústaðahverfið. Smáíbúðahverfið breiðir úr sér í átt að nýrri Miklubraut.



Leiksvæði okkar í Fossvogi. Hitaveitustokkurinn vinstra megin. Um miðbik myndarinnar er stórt hænsnabú ofan Bústaðavegar, þar sem nú eru húsin í Ásgarði.

og fara þar í sumarleiki, sem bárust líka vestur á skógræktarsvæði við lóð Bæjarsjúkrahússins, sem þá var byrjað að byggja. Skógræktarfélag Reykjavíkur réði yfir ræktunarsvæði þarna og nokkrir einstaklingar áttu sumarbústaði í nágrenninu og stunduðu trjárækt við þá. Í þeim hópi voru m.a. Hermann Jónasson, fyrrv. forsætisráðherra og Hilmar Stefánsson, bankastjóri Búnaðarbankans. Mörg smáhýsi og sumarbústaðir á erfðafestulöndum voru notaðir til heilsársbúsetu. Í næsta nágrenni voru fisktrönur í skóginum, alveg sérdeilis hentugar fyrir Tarzan-leiki þegar ekki hékk þar fiskur til þerris í skreið, sem flutt var til Nígeríu og þótti hinn besti mannamatur, sérstaklega í fiskisúpu. Á Fossvogstúnunum prófaði ég Kiwi-svifflugur sem ég smíðaði í tómsundum. Keypti balsaviðinn og leiðbeiningar um samsetningu í Tómsundabúðinni á Laugavegi 3 og límdu “fluguna” svo saman heima. Áhugi minn á flugi og flugvélum hafði kviknað þegar ég var smáþingi í braggahverfinu við flugvöllinn. Flugvélar voru eftirlætisleikföng mín á næstu árum og naut ég þar Kristínar frænku minnar sem sendi mér nýjustu leikfangflugvélar sem gjafir frá útlöndum á jólum. Þegar ég nálgadist unglingsárin hafði þessi áhugi beinst að samsetningu Revell-flugvélamódelna úr plasti,

eftirlíkingum af nýjustu flugvélategundum. Vestur af Háaleitisvegi og Klifvegi, þar sem Útvarphúsið stendur nú, voru austurmörk golfvallar Golfklúbbs Reykjavíkur. Reyndar höfðu augu yfirvaldanna beinst að þessu svæði þegar áform um flugvöll fyrir Reykjavík voru rædd skömmu fyrir stríð. Golfvöllurinn átti upptök sín austan golfskálans fyrir ofan Háuhlíð, sem síðar var svo nefnd. Oft barst leikurinn þangað vestur um, einkanlega til siglinga á uppistöðulóni sem myndaðist eftir stórrigningar í gamalli mógröf á vallarsvæðinu. Þar lágu ónýtar kamarshurðir úr næriggjandi herskálaverfi, sem ýtt var á flot og notaðar sem flekar í “sjóorustum”. Átakasvæði þetta kölluðum við Formósusund eftir hafsvæðinu milli Rauða-Kína og Formósu, nú Taiwan. Þar ríkti algjört ófriðarástand á sjötta áratug síðustu aldar og þar hæst í fréttum um þær mundir.

Gönguferðir á hitaveitustokknum inn að bænum Bústöðum, austur yfir Elliðaárnar og upp að Árbæ opnuðu nýja sýn á sveitabúskapinn, sem enn var stundaður í landi Reykjavíkur. Annars voru líka ágæt útisvæði til leikja inni á milli húsaraðanna í sjálfu Bústaðahverfinu. Þar vorum við strákarnir að sparka fótbolta á vorin. Fjárhættuspil þess tíma,

fimmaurharkið, var líka geysivinsælt og iðkað af áfergju. Svo voru strákar og stelpur saman í boltaleikjum, brennibolta, “yfir”, “kyló” eða þá “fallin spýtan”, stórfiskaleik og þrautakóng. Eitthvað var hoppað í “París” en síðan lauk þessum útileikjum snögglega þegar flestir strákanna voru sendir í sumarbyrjun til ættingja eða vandalausra á sveitabæjum víðs vegar um landið og hittust ekki fyrr en eftir réttir, þegar skólagangan var framundan. Stelpurnar voru margar í bænum yfir sumarið og fóru snemma að stunda barnapössun.

Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, flutti tillögu um byggingu 200 nýrra íbúða á vegum bæjarins í maí 1948, þegar húsnæðisvandræðin í Reykjavík voru orðin gífurleg vegna aðstremmis fólks utan af landi. Íbúðirnar voru síðan auglýstar til umsóknar í maí 1950. Þær voru 100 í fyrri áfanga og lentum við í honum en umsóknirnar voru alls um 1000. Íbúðir í húsunum við Bústaðaveg voru ætlaðar efnalitlu fólki. Gárungarnir kölluðu hverfið Casa Blanca, bæði með tilvísun til peningaástandsins hjá íbúunum og hins hvíta litar húsanna. Þau munu hafa verið hönnuð að breskri fyrirmynd, samkvæmt byggingaráætlun breska Verkamannaflokksins eftir stríð. Íbúðirnar voru ekki stórar og víða þröngbýlt hjá barnmörgum fjölskyldum. Þær voru ýmist 70 fermetrar, 84-90 fermetrar eða 103 fermetrar. Við fengum þriggja herbergja íbúð af miðstærðinni fyrir sex manna fjölskyldu, sem varð sjö manns nokkrum árum síðar.

Húsnæðismálin voru brýnasta úrlausnarefni á vettvangi bæjarstjórnarinnar á stríðsárunum og þeim næstu á eftir. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins lá undir stöðugu ámæli minnihlutaflokkanna fyrir aðgerðarleysi í málaflokknum. Málið var reyndar ekki einfalt því að ríkisvaldið framfylgdi fortaklausri haftastefnu þegar búið var að eyða stríðsgróðanum og þurfti leyfi á leyfi ofan fyrir fjárfestingum í nýju húsnæði og vegna innflutnings á efni til nýbygginga. En um 1950 fór að rofa til með tilkomu Bústaðavegshúsanna og síðar uppbyggingu Smáíbúðahverfisins.



Mynd sem ég tók af húsinu okkar á Bústaðavegi 61. Við bjuggum á efri hæð, vinstra megin. Lóðin var ófullgerð í allmörg ár.



Braggahverfin með útikömrum fóru á lista yfir heilsuspillandi húsnæði, sem illa gekk að útrýma.



Inni við Langhóltsveg og víðar flutti fólk í neyð sinni í kofaræksni, sem vart gátu talist mannabústaðir.

Við úthlutun íbúða í Bústaðahverfinu setti bæjarstjórnin þær reglur að öllum Reykvíkungum gæfist kostur á að sækja um og gengju þeir fyrir sem búíð hefðu lengi í bænum. Barnafjölskyldur skyldu hafa forgangsrétt, og í þriðja lagi ættu þeir að vera framarlega í röðinni, sem væru húsnæðislausir eða byggju í herskálum eða öðrum slíkum heilsuspillandi íbúðum. Þetta síðasta skilyrði höfðum við uppfyllt ásamt með öðru.

Ákveðið var að bæjarsjóður skyldi reisa húsin og gera þau fokheld, láta húða þau að utan og setja í þau hitunarkerfi. Var gert ráð fyrir að þetta næmi um helmingi þess sem íbúðin kostaði fullgerð. Það sem bærinn lagði í húsin lánaði hann væntanlegum kaupendum með óvenju hagstæðum kjörum. Þessi upphæð myndi að meðaltali verða 50-55 þús. krónur á íbúð og þá upphæð lánaði bærinn til 50 ára með 3% ársvöxtum. Bærinn seldi efnalitlum einstaklingum húsin í þessu ástandi og með þessum kjörum. Eigendurnir tóku síðan að sér að ljúka frágangi þeirra innan tveggja ára frá afhendingu.

Magnús stjúi minn var starfandi trésmiður og smíðaði hann eldhúsinnréttingu, skápa og hurðir í nýju íbúðina. Var vandað vel til verka. Það var spennandi að koma á Bústaðavegin og fylgjast með framvindunni stig af stigi. Þarna kom Steini málarí líka við sögu og skreytti m.a. loftlista í anddyrinu með miklu blómaflúri, sem mamma hafði sérstaklega óskað eftir. Svo kom iðnaðarmaður, sem kallaður var því dularfulla nafni “terrazzo-maðurinn” til að steypa gólfið í litla baðherberginu. Þar var salerni og vaskur og sturta úti í horni.

Kyndiklefi var á lækkuðu, steypu miðgólfi í þvottahúsi í íbúðunum tveim í hvorum enda hússins. Þar voru katlarnir, sem brenndu olíu og sköfðu heitt vatn. Það þurfti að kveikja upp í kötlunum og setja blásarann af stað og slökkva svo til að spara olíuna, þegar nægur hiti var kominn upp. Þetta fyrirkomulag var dæmigert fyrir ný hverfi í austurhluta Reykjavíkur allt fram á 8. áratuginn; að þau voru ekki tengd



Í nýju hverfunum var olíuhitun í húsum. Olíubílastararnir voru því á fleygiferð um bæinn.

hitaveitukerfinu fyrr en löngu eftir að íbúarnir voru fluttir inn. Við brenndum því olíu og var olíugeymir fyrir hverja íbúð grafinn í jörð á lóðinni. Olíutankbílastar frá olíufélögunum komu síðan að hverju húsi til að fylla reglulega á tankana. Lóðafrágangur var látinn bíða betri tíma enda ekkert aflögu peningalega þegar verið var að greiða fyrir standsetningu íbúðarinnar sjálfar. Um allanga framtíð óðum við því eðjuna og bárum óhreinindin á skóm og stígvélum inn í hús.

Það var gott að alast upp í Bústaðahverfinu. Hin beinu tengsl við náttúruna og víðáttuna á mörkum byggðar og sveitar voru þroskandi. Kýr og hross á beit skammt undan og stóru hænsnabúin höfðu líka mikið aðdráttarafl. Umhverfið bauð upp á alls kyns ævintýri sem börn í hinum grónu bæjarhverfum nutu ekki í sama mæli. Ekki var þetta jafnspennandi fyrir fullorðna fólkið, sem stóð í fyrirsvari fyrir heimilisrekstrinum. Þegar við fluttum í hverfið höfðu einhverjar fjölskyldur búíð þar í rúmt ár. Lóðir húsa og gatnakerfi var eitt samfellt forarsvað í votviðrum. Enn bólaði ekkert á almennilegum strætisvagnsamgöngum. Engar verslanir voru í hverfinu. Börnin urðu að sækja skóla með skólabíl niður í Laugarnesskóla. Það gátu því verið mörg baráttumálin fyrir íbúasamtökin Garð, sem stofnuð voru á fyrstu uppbyggingarárum hverfisins. Fram komu áberandi sprungur utan á sumum húsanum.

Stjórn Garðs lét víst sitthvað til sín taka og sendi ályktanir til borgaryfirvalda og í blöðin en mest spennandi voru munnmælasögur af árshátíðum félagsins, sem haldnar voru í Hlégarði í Mosfellssveit. Þar endaði gleðskapurinn í hafarí og logandi áflogum eins og í spennandi kúrekamyndum.

Í september 1951 var stóra stundin að renna upp. Nýr Volvo-strætisvagn, sá fyrsti í flota SVR sem knúinn var díselvél, hóf ferðir í Bústaðahverfið. Við krakkarnir biðum við Grensásveginn til að taka á móti honum í fyrstu ferð. Það vakti sérstaka athygli okkar að á þessum glæsilega farkosti var merkileg nýjung, ekkert annað en “þakgluggi”, þ.e. lofttúða með loki sem spennt var upp til þess að bæta öndunarskilyrði farþega í mestu þrengslunum. Vagninn hafði tvo viðkomustaði innan hverfisins, efst og neðst í Hólmgarðinum. Þessar ferðir með leið 8 voru farnar á hálf tímafresti. Viðkomustaðir voru á leið inn Hverfisgötu, þannig að vagninn þjónaði líka íbúum Holta- og Hlíðahverfa. Þegar komið var upp Stórholt og niður Lönguhlíð var beygt til vinstri, inn Miklubraut. Ofan við núverandi Bogahlíð tóku við kartöflugarðar bæjarbúa í Kringlumýrinni. Vagninn stansaði við Kringlumýrarveg og Seljalandsveg, sem voru mjóir malar- og moldarvegir er lágu í gegnum garðlöndin. Svo var keyrt upp að Háaleiti og niður á Bústaðaveg við Klifveg.



Trönurnar við lóð hins væntanlega Bæjarspítala voru afar vinsælar til Tarzan-leikja.



Í nýbyggðum húsum var klifrað og farið í skyldingar.



Á Kirkjusandi var bækistöð SVR. Margir vagnarnir voru komnir vel til ára sinna.



Á Lækjartorgi var miðstöð fyrir almenningsamgöngur í öll bæjarhverfi. Hraðferðir í sum. Troðfullir vagnar og aukavagnar á annatímum.

Í vetrarmyrkrinu var allt þetta svæði upp að Háaleitisvegi hið skuggalegasta þó greina mætti stöku útiluktir við kartöfluskúra, sem notaðir voru sem mannabústaðir eins og ástatt var í húsnæðismálunum. Uppi á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisvegjar voru trésmiðjan Byggir og bifreiðaverkstæði NK Svane og síðan nokkrir sveitabæir þar til komið var suður undir Bústaðaveg. Þar stóð glæsibygging ein og sér í iðjagrænu umhverfi, bygging sem stakk í stúf. Reisulegt, steinsteypt og nýmóðins íbúðarhús Ingólfs Gíslasonar, gleraugnasmíðs og Elínar Egilsdóttur konu hans, sannkölluð “villa” sem byggð var á Sogamárbretti 32 og stendur enn; nú heitir hún Hlyngerði 6. Oft sökkta maður sér í djúpar hugleiðingar við gluggann í stæto um hvernig umhorfs væri inni í svona fínnum hóbýlum og hvernig barnaherbergin litu út.

Ferðirnar í stræto gátu orðið ævintýralegar. Vagnarnir voru eins og þéttskipuð samkomuhús á hjólum, oftast troðfullir af fólki og á mestu annatímum varð SVR að senda aukavagn í Bústaðahverfið. Okkur krökkunum var

innprentað í skólanum að standa upp fyrir fullorðnum í strætisvögnum. Þetta þýddi að við vorum oftast klemmd á milli stórra mannslíkama einhvers staðar í þvögunni og sáum ekkert nema mynstrin í frakka- og kápuefnum, sem þrýstust misþefjandi eða blaut af bráðnandi snjó upp að vitum okkar. Við vorum eins og síld í tunnu, eða sardínur í dós, og færðumst stjórnlaust til með mannmergðinni þegar bílarnir tóku beygjur eða stönsuðu snögglega.

Oft var illmögulegt að fylgjast með hvernig ferðinni miðaði til komast út á réttum viðkomustað. Vagnstjórinn kallaði upp nafnið á næstu stoppustöð hárra röddu, því að ekkert var hátalarakerfið. Vegna fjöldans í vagninum barst hrópið oft illa aftur í. Og farþegi sem ætlaði út varð að kalla nógu hátt á móti: “Já, takk” til að fá vagnstjórnann til að stansa. Eins og gefur að skilja bauð þetta kerfi því heim, að feimnir og raddlitlir farþegar misstu oft af réttum áfangastað og urðu að ganga langar leiðir til baka þegar þeir loksins áráddu að bera



Fyrsti happdrættisbíll DAS vakti undrun og aðdáun 1954. Nýr amerískur Chevrolet. Bíllinn afhentur heppnum eigendum á horni Austurstætis og Aðalstrætis.

upp þessi alkunnu þakkarorð sín til mannsins við stýrið. Ýmsar sögur spunnust út af þessum hrópum vagnstjóranna. Ein var sú, að þýskir ferðamenn hefðu hlaupið eins og þeir ættu fótum fjör að launa út úr strætisvagninum og haldið að kviknað væri í þegar vagnstjórinn kallaði hátt og snjallt “Ás”, og hefðu staðið í þeirri meiningu að það væri sama og “Aus”, sem sagt “Út”, á þeirra móðurmáli. Við verslunina Ás á ofanverðum Laugavegi var einmitt einn af stoppustöðvum strætó.



Miklabraut séð frá Háaleitisvegi 1955. Burstabæirinn Sjónarhöll á miðri mynd. Íbúðarhús risin í Vogunum.

Í Bústaðavagninum ríkti viss stemning í hádegi og í lok vinnudags. Þetta var löng leið sem flestir fóru með almenningsvagninum. Samferðafólkið þekktist orðið vel og þarna var skrafað, skeggrætt og hlegið dátt af ýmsu tilefni. Enn tíðkaðist að karlarnir tóku matartíma og fóru heim að borða í hádeginu af vinnustað niðri í bæ. Það var skóli út af fyrir sig að hlýða á þá ræða landsmálin og henda gaman að persónum stjórn málaforingja þessa tíma. Umræðunum stjórnaði gjarnan Ágúst Theil, skrifstofustjóri hjá Sjúkrasamlaginu í Tryggvagötu, sem bjó á Hæðargarðinum. Það var einmitt meðal skylduverkefna minna að fara í Sjúkrasamlagið að greiða iðgjöldin, eins og aðrar fjölskyldur í bænum þurftu að gera. Eins sótti ég skömmtunarseðlana fyrir fjölskylduna, sem afhentir voru uppi á loftinu í Gúttó, samkomuhúsi templara sem stóð fyrir sunnan Alþingishúsið. Framvísa þurfti magbreytilegum miðum fyrir tileknu magni af vörum sem við keyptum í verslunum. Næstum allt var skammtað, meira að segja mjólkinn.

Öll innkaup á daglegum neysluvörum voru býsna erfið meðan enginn verslunarekstur var í Bústaðahverfinu sjálfu. Ég fékk það hlutverk fljótlega eftir að við fluttum inn eftir að fara í strætó niður í Hlíðar með innkaupamiða, skömmtunarseðla og peninga í vettlingnum. Innkaupanet eða taska ásamt mjólkurbrúsa var líka haft meðferðis. Ég gerði innkaupin í Sunnubúðinni eða Krónunni í Mávahlíð og kom við í mjólkurbúðinni áður en ég flýtti mér síðan aftur út á Miklabraut til að ná í næsta strætó heim með aðföngin. Auðvitað var soðning á




Ýmsar nauðsynjar voru háðar skömmtun fram eftir sjötta áratugnum.



Senn var mjólkinn seld á flöskum. Mjólkurbrúsinn fékk þá hvíld. Síðar komu pappahyrnur og fernur.

borðum flesta virka daga hjá fjölskyldum í Bústaðahverfinu á þessum árum. Þetta vissi Steingrímur Magnússon, fiskkaupmaður í Fiskhöllinni, sem fór að senda fiskbíl nokkrum sinnum í viku, dökkgrænan Austin-vörubíl, sem kom með fullan pall af fiskkössum og fór um hverfið. Fiskbíllinn hafði viðkomu á nokkrum stöðum til að selja varninginn og spara húsmæðrunum þannig sporin langar leiðir til að fá í fisk í soðið. Þær komu í misjöfnum veðrum á viðkomustað fiskbílsins. Ég var fljótlega búinn að koma mér upp á bílpallinn sem aðstoðarfisksali. Þar stóðum við tveir, ég og bílstjórinn sem var aðalfisksalinn, eins og á upphækkuðu sviði. Hlutverk mitt var að lyfta fiskunum upp úr kössunum í heilu lagi til að sýna væntanlegum kaupanda og reka síðan stuttan vírspotta í gegnum fiskaugun og flétta saman endana þannig að til varð handfang fyrir kaupandann að halda í lófanum þegar fiskarnir voru bornir heim. Stundum fékk ég líka að veða fiska með reislum sem bílstjórinn notaði á pallinum með listilegum tilburðum.

Komur fiskbílsins í hverfið ollu byltingu. Mörg ýsan fór um hendur mínar við afgreiðslustörfin á bílpallinum.



Annar Steingrímur olli þáttaskilum í verslunarsögu hverfisins. Sá var Bjarnason og hóf sölu á fisk og mjólk og brauðvörum í steinsteyptum skúr, sem hann reisti við Hæðargarð, á opnu svæði í miðju hverfisins. Hann stóð sjálfur við fisksöluna í austurendanum en eiginkona hans Þóra Kristín

Kristjánsdóttir við mjólkur- og brauðsölu í vesturhluta þessa smágerða mannvirkis. Steingrímur hafði áður stundað sjóinn og voru þau hjón einstakir dugnaðarforkar. Áttu þau sæg af krökkum, sem voru iðulega til aðstoðar foreldrum sínum við afgreiðslustörfin. Þau voru ófá flökin af nætursöltuðu sem þessi fjölskylda vatt upp á vigtina til að seðja matarlystina hjá íbúum Bústaðahverfisins. Steingrímur Bjarnason kom síðar enn við sögu í verslunarmálum á þessum slóðum, þegar hann stofnaði og rak Grímsbæ við Bústaðaveg og hafði ég þá ásamt öðrum borgarfulltúum töluverð samskipti við hann út af hinu og þessu.

Verslunin Eyjabúð, sem rekin var í timburskúr á Fossvogsbletti 31, við Bústaðaveg rétt vestan við gatnamót Grensásvegjar, var líka barn síns tíma en til mikilla þæginda fyrir fólkið í hverfinu. Það var Jón E. Kristjónsson, kaupmaður, sem rak þessa verslun með nýlenduvörur eins og allar almennar dagvörur voru kallaðar. Jón var einstaklega stimamjúkur við kunnana, og hinum dæmigerðu alþýðukonum við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð, hlýnaði virkilega um hjartaræturnar, kom jafnvel roði í kinn eða tár

á hvarm, þegar Jón ávarpaði þær: “Og er það eitthvað fleira, sem hægt er að gera fyrir yður í dag, kæra frú?” Það var hægt að gera pantanir hjá Jóni og fá varninginn sendan starfaði um með honum og fór þá með vörur á sendisveinahjólum um allt hverfið í pappakassa framan á hjólinu. Þess á

milli vigtaði ég hveiti og sykur í pappírspoka, yfirleitt hálf tona eitt kíló í hvern.

Jón var þannig persónuleiki að hann bauð því heim að strákarnir í hverfinu gerðu at í honum.

Á þessum árum innflutningshafta og skömmtnar var amerískt tyggigúmmí mjög eftirsótt lúxusvara sem ekki fékkst nema smygluð frá útlöndum eða af Keflavíkurflugvelli. Jón fékk svona sendingar við og við og geymdi tyggjókarton einhvers staðar baka til eða undir borði og laumaði að okkur krökkunum einni og einni plötu ef við hvísluðum ofurlágt í eyra hans hvað hugurinn girntist. Strákur á Hólmgarðinum hafði forgöngu um það einu sinni að einfalda leiðina að tyggjóbirgðum Jóns í Eyjabúð fyrir leikbræður sína og hringdi því í símann til hans, gerði sér upp djúpa karlsmannsrödd, og sagði: “Jón minn. Sem gamall vinur vildi ég bara láta þig vita að löggan og tollurinn eru að gera mikla razzíu í verslunum og sjoppum út af tyggjósmygli. Þeir eru víst á leiðinni núna til að leita í búðinni hjá þér”. Í námunda við Eyjabúð voru félagarnir búnir að fela sig á bak við þúfnabard og fylgdust með því þegar Jón kom æðandi út bakdyramegin með fullt af tyggjó sem hann sturtaði í öskutunnuna. Þegar hann var farinn inn í búðina aftur, biðu nærstaddir ekki boðanna og óðu í tunnuna og létu greipar sópa.

Þegar sérbyggð verslunarmiðstöð með matvörubúð, kjötbúð, mjólkur- og brauðbúð, bókabúð og vefnaðarvöruverslun var loks tekin í notkun við Hólmgarð 34 inni í miðju Bústaðahverfinu síðla árs 1954, var Eyjabúð sett upp vörubíl og flutt þangað sem “neyðin var stærst”. Hún kom að góðum notum í verslunarlausu samfélagi, inni í miðjum Múlakampi, þar sem íbúar í bröggum og óleyfishúsum áttu eftir að njóta þjónustu Jóns um árabíl. Segja má að það hafi verið í viðurkenningarskygni fyrir þetta starf sem Jón fékk úthlutað nýrri verslunarlóð við Dalmúla.



Amerísk áhrif á samfélagið höfðu farið stigmagnandi með amerískri hvernd. Amerískt tyggjó varð eftirsóttur munaðarvarningur



Upprifjun liðinna tíma. Sendisveinahjól á sýningu í Geysishúsinu við Aðalstræti 1992. Ég hjólaði með varninginn heim til kaupenda þegar ég starfaði sem sendill fyrir Jón í Eyjabúð við Bústaðaveg, skammt vestan gatnamótanna við Grensásveg.



Verslunarmiðstöðin við Hólmgarð var kærkomin eins og vænta mætti. Nokkrar sérværslanair voru þar auk matvörunnar. Það þurfti ekki lengur að fara niður í bæ til að kaupa bók eða sokka í jólapakkann.

Lært og leikið í Laugarnesskóla

Fátt eða ekkert hafði meiri áhrif á uppeldi mitt og þroska en skólaganga í Laugarnesskólann.

Ég var kominn í skólann í 7 ára bekk, um svipað leyti og við fluttum í Bústaðahverfið. Þetta nýja bæjarhverfi var á skólasvæði Laugarnesskóla eins og flest heimili austan Hlíðanna, og norðan Laugavegar, frá Rauðarárstíg og austur um Túnin, Laugarnes, Langholt, Sogamýri, Blesugróf og Seláshverfi. Börn af öllum þessum jaðarsvæðum Reykjavíkur voru saman komin í Laugarnesskólanum, mörg af fátækum

heimilum í slæmu húsnæði. Svæðið var víðáttumikið og því var skólabíll látinn vera í ferðum með nemendum. Það var reyndar félag kennara við Laugarnesskólann, sem átti bílinn og leigði hann skólayfirvöldum. Var þetta gömul hermannaúta frá stríðsárunum, sem Gísli Eiríksson keyrði. Þurfti hann oft að stjórna liðinu eins og herforingi enda hlýddi hópurinn honum möglunarlaust. Ef menn beygðu sig ekki undir heragann í skólabílnum þrumaði Gísli tæpitungulaust yfir hausamótunum á viðkomandi farþegum eða að bíllinn var að öðrum kosti stöðvaður umsvifalaust, þrifið í



Beðið við "skóló" eftir heimferð við lok skóladags. Skólabíllinn fór alla leið inn í Blesugróf og hafði viðkomu á allmörgum stöðum m.a. í Bústaðahverfinu.

öxlina á ólátabelgjunum og þeim hent út. Það var oft önuget að koma sér fram úr rúminu í blindbyl um sjö-leytið að morgni, búa sig í skólann og berjast svo á móti kafaldshríð upp á biðstöð skólabílsins á horni Bústaðavegar og Grensásvegar. Þar hímdu undir húsvegg nokkrar smávaxnar mannverur, íklæddar köflóttum hettuúlpum frá Álafossi eða öðrum ámóta yfirhöfnum, sem voru notaðar allt árið. Allir mændu í gegnum myrkrið og mugguna inn eftir Bústaðavegi til að fylgjast með ferðum bílsins, sem átti að koma innan úr Blesugróf. Á þessum tíma dags var alls engin umferð um götuna. Gullit hliðarljós ofarlega á bílnum gáfu til kynna að þetta væri farkosturinn okkar sem nálgast og við gátum hlaupið niður á götu hríðskjálfandi, myndað einfalda röð og stokkið upp í hlýjan bílinn.

Eftir skóla vorum við gjarnan búin að mynda biðröð áður en bíllinn ók inn á bílastæðið á skólalóðinni. Við létum skólatöskurnar liggja í röðinni í staðinn fyrir að standa þar sjálf. Þannig vannst lengri tími til leikja. Svo var ekið af stað inn að Litlu-Hlíð á horni Sogavegar og Grensásvegar, þar sem Bústaðagengið fór úr bílnum og áttum við nú fyrir höndum leiðinda gönguferð upp Grensásveginn. Okkur þótti bera vel í veiði þegar gatan var snævi þakin og sleip, því þá var aldrei að vita nema að við gætum “teikað”, það er hangið aftan í leigubíl eða öðrum vélknúnum farartækjum, sem áttu leið upp götuna. Þá varð að sýna af sér viðbragðsflýti, vera snöggur að hlaupa á eftir bílnum, fleygja sér niður á hækjur sér og grípa um leið í stuðarann og hanga í honum upp brekkuna. Ökumenn vissu oftast af þessu og reyndu að losa sig við aftaníóssana með því að beygja og sveigja bílnum til. Stundum gáfust strákarnir upp og gerðu þetta ekki aftur sumir hverjir. Sjálfur fékk ég nóg þegar forláta vettlingar, sem ég fékk í jólagjöf frusu við stuðarann og ég vildi ógjarnan sjá hverfa af höndum mér en varð að láta í minni pokann. Mjög var varað við þessu athæfi og hótad lögregluvaldi en spennandi var það og tilbreyting í vetrarsportinu. Þegar flest var í Laugarnesskólanum voru nemendur um 1800 talsins og daglegu skólastarfi þrískipt.



Laugarnesskólinn naut virðingar meðal bæjarbúa fyrir góða stjórn og eftirtektarverðan árangur margra afburða kennara. Agi og fjölbreytt verkefni fyrir nemendur voru aðalsmerki skólans.



Hollusta og heilsuvernd. Gróa Kristjánsdóttir, kennari við lýsisgjöf í bekknum sínum.



Nemendur fóru í skoðun á tannlæknastofu skólans.



Fullnaðarpróf framundan í Skeggjabekknunum 12 ára F árið 1956. Glæðvæð hópur sem tók þátt í fjölbreyttum verkefnum, sem Skeggi stýrði í kennslustarfinu og fyrir leiksýningar.

Til að dæmið gengi upp þurfti vitaskuld afburðastjórnendur og kennara. Þannig voru starfsmenn Laugarnesskólans upp til hópa. Þeir Jón Sigurðsson, skólastjóri, og Gunnar Guðmundsson, yfirkennari, voru mjög sýnilegir með heimsóknum í bekkjarstofur. Og í frímínútum stóðu þeir við glugga eða úti á svölum þar sem þeir litu yfir hjörðina á skólavellinum. Allir sem einn vissu af þeim og hugsuðu að nú væri eins gott að haga sér skikkanlega. Þegar hringt var inn fóru nemendur hvernir bekkjardeildar í röð saman og héldust í hendur tveir og tveir en bekkjarkennarinn kom út á skólavöll og sótti hópinn og stjórnaði röðinni áfram inn í bygginguna og upp stiga að stofudyrum. Í mínu tilfelli var það fyrst Jónas Guðjónsson í 7 ára bekk en síðan Skeggi Ásbjarnarson, sem kenndi mér næstu fimm vetur barnaskólastigsins. Þegar Langholtsskóli tók til starfa haustið 1952 var rætt um breytta skipan skólahverfa og að við í Bústaðahverfinu ættum skólasókn þangað. Ég kveið því mjög. Af því varð þó ekki. Réttarholtsskóli var byggður 1957 fyrir unglinga í Bústaða- og Smáibúðahverfi. Þangað átti ég

að flytja að réttu lagi. Nú voru góð ráð dýr. Ég var orðinn svo rótfastur í Laugarnesskólanum að ég gat alls ekki til þess hugsað að flytjast á milli skóla á þessum tímamarki og vildi ljúka síðasta árinu þar. Með samráði Ásu frænku minnar við Skeggja og Jón Sigurðsson skólastjóra var mér útvegað heimilisfang í skólahverfi Laugarnesskólans. Fyrir valinu varð Sigtún nr. 41. Þar bjuggu Albert J. Finnbogason, bókaútgefandi, og kona hans Margrét Benediktsdóttir, sem áður höfðu verið búsett á Frakkastíg 7 og voru vinafólk Ásu. Þetta tókst allt ljómandi vel og á meðan ég var skráður til heimilis í Sigtúninu fór ég meira að segja tvisvar sinnum "heim til mín" til Margrétar og þáði hjá henni kakó og vöflur.

Nú var skólabíllinn hættur að ganga í Bústaðahverfið og því varð ég að koma mér sjálfur á milli. Það gekk ágætlega með strætó í 1. bekk unglingsdeildarinnar meðan ég var eftir hádegið en þegar komið var í 2. bekk, þar sem kennsla byrjaði kl. 8.10 á morgnana tók gamanið að kárna. Ég reyndi að fara með leið 7 Sogamýri-Rafstöð frá Sogavegi en áætluðin

var mér mjög óhagstæð. Það kom best út að fara fótgangandi alla leið úr Bústaðahverfinu niður í Laugarnesskóla. Þessar gönguferðir fór ég alla skóladaga vetrarins næstum undantekningalaust og tók ferðin um 45 mínútur. Þá gekk ég norður Grensásveg og stytta mér svo leið í gegnum Múlakampinn, þar sem Ármúlinn liggur nú, og niður Reykjaveg hjá Undralandi rakleiðis í skólann. Braggahverfið var illa upplýst en ég fann ekki til öryggisleysis enda undantekning ef ég varð var við mannaferðir á morgungöngu minni í myrkrinu. Þarna var líka risin fjölskrúðug byggð svokallaðra “óleyfishúsa” í bland við braggana. Það var úrræði sem ýmsir gripu til, sönkuðu að sér alls kyns efniviði og komu sér upp þaki yfir höfuðið utan skipulags og án þess að fá lóðauðhlutun eða tilskilin byggingaleyfi. Síðan stóð alltaf í stappi um að fá tengingu við vatn og rafmagn frá bænum.

Ekki er því að neita að okkur fannst dálítill upphefð af því mörgum bekkjarfélögunum að vera í “Skeggjabekk”. Við vorum stolt af því að vera í F-bekknun, sem var efstur á prófum í sínum árgangi upp allan barnaskólann. Innan bekkjarins var töluverð samkeppni um einkunnir. Þorgerður Ingólfsdóttir stóð sig yfirleitt best á prófum og fylgdum við nokkur fast á eftir. Skeggi dró ekkert úr þessum metnaði. Hann gerði kröfur um námsárangur og hélt uppi ströngum aga í eigin bekk. Þegar það kom í hans hlut að vera við vörslu í frímínútum úti á skólavelli vildi hann beita sama aðhaldi gagnvart öllum nemendum skólans. Þá fylgdist maður stundum með úr fjarlægð þegar Skeggi lenti í háværum orðasennum við ólátasaggi 13 og 14 ára gamla úr unglingsdeildinni. Prentaðar skólareglur hengu uppi í hverri kennslustofu og fylgdi Skeggi þeim eftir út í ystu æsar. Honum var sérstaklega uppsigað við þá sem fóru út í nærliggjandi sjoppu í frímínútunum. Sökudólgarnir voru skrifaðir niður og málinu fylgt eftir með skýrslugjöf Skeggja hjá skólastjóra. Eins var Skeggi eins og rannsóknarlögreglumaður við bíóhúsin í bænum og fylgdist með því hvort hans eigin nemendur eða aðrir sem hann kannaðist við væru að reyna að lauma sér inn á myndir sem



Reglubundin læknisskoðun nemenda fór fram á stofu skólalæknisins. Berklaskoðanir voru tíðar.



Morgunsöngur, reyndar löngu eftir að ég var farinn úr skólanum. En skipulag og andrúmsloft var hið sama.

voru bannaðar innan 12 ára. Það syndaregistor var líka kynnt skólustjóra og málið tekið föstum tókum.

Skeggi var vakinn og sofinn í kennarastarfinu og nutum við nemendur hans ávaxtanna af dugnaði hans. Ljós loguðu í stofunni okkar, stofu 9, fram eftir öllum kvöldum þegar Laugarnesskólinn leit að öðru leyti út eins og skuggaleg hamraborg. Afraksturinn af þessari fórnfýsi Skeggja voru kennslugögn, sem hann hannaði og fjölfaldaði fyrir blómstrandi starf með F-bekknunum. Hann skrifaði vandaða forskrift í stílabækurnar okkar og gekk ríkt eftir að nemendur vönduðu sig í skrift og gætu ritað falleg sendibréf með lýtalausri réttitun. Sama átti við um stuttar ritgerðir. Einnig útbjó hann vinnubókarblöð fyrir verkefni í skólaljóðum. Kort með jóla- páska- eða sumarkveðjum teiknaði hann líka handa okkur til að lita. Þessi gögn þurfti vitaskuld að fjölrita og það gerði Skeggi í fjölrítara, sem hann útbjó sjálfur á einfaldan hátt. Hann lét smíða fyrir sig grunnan bakka úr blikki. Svo hitaði hann og hrærði saman matarlími og glyseríni í tvöföldum potti og var blöndunni hellt seigfljótandi í bakkann. Þegar innihaldið kólnaði var það seigt og teygjukennt. Eftir að frummyndirnar höfðu verið teiknaðar á blað með fjölrítunarbleki var því þrykkt á yfirborð fjölrítarans. Þegar blaðinu var flett frá loddri blekverkið fast í líminu. Síðan var hægt að taka nægilega mörg afrit fyrir allan bekkinn. Að endingu var blekið þvegið af með mjúkum svampi og fjölrítarinn gerður klár fyrir næsta verkefni.

Í skólanum vorum við hvött til að koma með eitthvert stutt lesefni til að flytja fyrir bekkinn í frímínútum. Þá var Skeggi búinn að ganga úr skugga um að enginn hefði komið með franskbrauð í nestið. Haraldur Blöndal, lögfræðingur, sem var í bekk hjá Skeggja nokkru á eftir mér sagði mér einu sinni að Hákon Waage, síðar leikari, hefði gert Skeggja alveg trítílóðan með því að mæta með franskbrauðssneiðar með púðursykri í skólanesti. Yfirleitt var skrinukosturinn mjólk í flösku, gjarnan flösku með smellitappa, sem

notuð hafði verið undir tómatósú, og tvær rúgbrauðssneiðar, önnur með kæfu og hin með rúllupylsu. Ekki var viðbitið af verri endanum, venjulegt smjörlíki. Smjör var dýrt og oft ófáanlegt. Það var svo skemmtilegur bragðbætir við smjörlíkið, eða hitt þó heldur, þegar glóðvolgu þorskalýsi var hellt upp í gapandi ginið á manni. Lýsiskönnurnar voru bornar að dyrum skólastofanna ásamt afþurrkunarklút fyrir löngu frímínútur og kippt inn í stofuna þegar “kaffitíminn” byrjaði. Þá gekk kennarinn um með könnuna og hellti vænum sopa upp í hvern nemanda.

Um skeið notaði Skeggi frímínúturnar til að lesa fyrir okkur drög að þýðingu sinni á útkominni bók eftir Astrid Lindgren, Karli Blómkvist leynilögreglumanni. Þar sagði frá ævintýrum þeirra Kalla, Evu Lottu og Andrésar við afbrotarannsóknir. Við önnur tækifæri var Skeggi mættur með vandað segulbandstæki af Grundig-gerð, sem hann hafði nýlega fest kaup á, og hljóðritaði raddir okkar við ýmis tækifæri. Hljóðnemi á standi stóð á gólfinu og lásur við upp eða fórum í spurningaleik. Það var auðvitað sannkallað ævintýri að heyra eigin rödd af segulbandi í fyrsta sinn. Eitt leiddi af öðru. Skeggi tók að sér umsjá barnatímans í Ríkisútvarpinu og fékk ýmsa nemendur sína til þátttöku í leikþáttum og öðrum atriðum, sem flutt voru í dagskránni. Þá kom ég í inn í musteri útvarpsins. Reyndar var það bara lítið upptökuherbergi sem notast var við á loftinu fyrir ofan fréttastofu Útvarpsins á Klapparstíg. Alhliða uppfræðsla og þjálfun í framsögn var forgangsverkefni í F-bekknunum. Skeggi stjórnaði leikritauppfærslunum á jóla- og páskaskemmtunum. Þá fengum við aðalhlutverkin en nemendur annarra bekkja voru með í aukahlutverkum eða drógu tjaldið frá og fyrir. Slík mismunum væri sennilega forboðin nú. Undirbúningur undir leikritin, sem voru yfirleitt um hálf tíma sýningar, tók nokkrar vikur fyrir jóla- og páskafri. Það var eitt af frumskilyrðunum, að leikararnir stæðu sig vel í náminu. Svo var auðvitað gengið ríkt eftir því að þeir sýndu af sér einhverja hæfileika til að koma fram á sviði. Þá var Skeggi búinn

að uppgötva í bekkjarstarfinu. Ég kom fyrst fram í stuttum leikþætti á bekkjarkemmtun í 8 ára bekk. Það var tveggja manna leikþáttur. Mótleikarinn var Björgvin Guðmundsson, félagi minn úr Bústaðahverfinu, síðar flugstjóri hjá Cargolux. Eftir þetta bauðst mér svo að leika á páskaskemmtuninni í leikþætti, sem kallaðist “Fjölskyldan ætlar út að skemmta sér” ásamt Elfu-Björk Gunnarsdóttur, Helgu Gunnarsdóttur og Gísla Friðgeirssyni. Við vorum þá í 9 ára bekk. Og síðan var ég á leiksviði um jól og páska nær undantekningalaust næstu fimm vetur. Helgi H. Jónsson og Guðfinna Ragnarsdóttir komu líka mikið við sögu í leiklistarstarfseminni.

Auðvitað var það ókostur að drjúgur hluti af skólafríunum fór í æfingar og sýningar en þroskinn og ánægja sem hlaut af þessu áhugastarfi var margfalt verðmætari. Skeggi vann af lífi og sál að þessum viðfangsefnum. Hann var áskrifandi að bandarísku tímariti sem fjallaði um leiklistarstarf í skólum og birti auk þess ný leikrit til sýninga á skólaskemmtunum. Mörg þeirra þýddi hann sjálfur fyrir sýningar í Laugarnesskólanum. Skeggi hannaði sviðsmyndir, smíðaði og málaði leiktjöld og búninga. Fengum við “leikararnir” að fylgjast með framvindunni stig af stigi. Og svo þegar sýningar tóku við var sett upp gerviskegg og andlitinu breytt með leikhússminki. Undraveröld leikhússins var opnuð upp á hálfagátt fyrir manni. Ég hlaut nokkra viðurkenningu fyrir frammistöðu mína í jólaleikritinu, þar sem ég var í hlutverki hins miskunnarlausu gistihúseiganda, sem vísaði verðandi foreldrum Jesúbarnsins út í gripahúsið. Tók við því hlutverki af Ragnari Arnalds, síðar fjármálaráðherra, eftir að hann var vaxinn upp úr skólanum. Ég kom síðar fram á Herranótt MR og lék og las upp á ýmsum skemmtunum og samkomum í menntaskólanum. Það háði mér þá og hefur ætíð gert, að röddin hefur verið viðkvæm og óstýrilát. Þrátt fyrir ótal samtöl við lækna og rannsóknir var aldrei hægt að koma í veg fyrir að óhreinindi í hálsi afbökuðu raddbeitinguna. Hefur þetta kallað á tíðar ræskingar og valdið óöryggi við



Kennustund hjá Skeggja. Unnið að vinnubók.



Nýmæli. Segulbandstæki í eigu Skeggja notað við kennslu.



Förðun fyrir leiksýningu á jóla- eða páskaskemmtun.

Í sviðsljósinu



Frumraun á leiksviði. Gamanleikur um heimiliserjur. Ég 9 ára í hlutverki fjölskylduföðurins.




Páskaskemmtun. Ég í hlutverki hænsnabónda í ærslaleik með Elfu-Björk Gunnarsdóttur og Guðfinnu Ragnarsdóttir.




Lokaatriði jólaleikrítisins. Undrunarhljóð fóru um salinn þegar veggur fjárhússins var dreginn frá. Fyrir innan voru María og Jósef með Jesúbarnið í jötunni.



Skeggi ásamt leikurum og aðstoðarmönnum eftir sýningu jólaleikrítisins 1957. Þetta var í síðasta skiptið sem flest okkar komu fram í Laugarnesskólanum. Við fórum í aðra skóla. Ljósmyndir úr Laugarnesskóla: Guðmundur Hannesson.



Við Elfa-Björk vorum oft í aðalhlutverkum. Hún stundaði leiklistarnám síðat meir.



Við Helgi H. Jónsson ásamt Helgu Gunnarsdóttur í “Sannleiksstólnum” á páskaskemmtun.

flutning talaðs máls alla tíð síðan. Mér fannst ekki ósennilegra en hvað annað að þetta væri afleiðing af hastarlegri hæsi, sem ég fékk 11 ára gamall. Ég missti röddina í þrjá mánuði og leitaði alls kyns ráða til að endurheimta hana. Tíðar ferðir til Erlings Þorsteinssonar, hálsnef- og eyrnalæknis, bættu lítið úr skák. Hann ráðlagði mér að tjalda handklæði yfir höfuðið og hraðsuðuketilinn og gleypa svo heita gufuna þegar suðan kæmi upp. Ágætt væri að blanda anísdropum í vatnið. Með vorinu dró smám saman úr hæsinni en ég held að hún hafi skilið eftir óafmáanleg merki sín á raddböndunum.

Á stundum virtist framkvæmd agagreglna fara út yfir eðlileg mörk í Laugarnesskólanum. Sumir nemendur voru uppátektarsamir í frímínútum. Það sló þarna saman hópum einstaklinga sem bjuggu við misjafnt atlæti. Inni á milli voru sannkallaðir vandræðadrengrir og pörupiltar, eins og nýstignir út úr bókum Dickens. En það voru líka fyrirferðarmiklar stelpur og einu sinni horfðum við upp á átök kennara í vallarvörslu og 13 ára stúlku, sem var mikil að burðum og með munninn á réttum

stað. Barst leikurinn inn í anddyri skólans, þar sem kennaranum tókst að keyra stelpuna niður. Húsvörður áminnti hann um að vera rólegur. Að lokum kom Jón skólastjóri hlaupandi af skrifstofu sinni til að stilla til friðar og messa yfir kennaranum. Málið fór víst ekki lengra.

Nemendur Laugarnesskóla á þessum árum minnst flestir söng- og tónlistarkennslunnar í skólanum með hlýhug, enda þótti hún taka öllu fram af því tagi í skólum borgarinnar. Sagt er að Jón Sigurðsson, skólastjóri, hafi verið málafylgjumaður mikill í samskiptum sínum við skólayfirvöld bæjarins. Til var einhver sjóður ætlaður til hljóðfærakaupa og gat Jón krækt í allt úthlutunarféð til að kaupa forláta flygil fyrir Laugarnesskólann á sama tíma og öðrum skólastjórum var synjað um pening fyrir fáeinum blokkflautum. Glansandi flygillinn stóð á palli í miðrými skólans, þaðan sem morgunsöngnum var stjórnað. Ingólfur Guðbrandsson, sem þá var söngkennari, stóð þar frammi á palli og annaðist söngstjórnina en starfsbræður hans Guðmundur Magnússon eða Kristján Sigtryggsson léku undir á píanóið.



Ingólfur Guðbrandsson stjórnaði barnakór Laugarnesskóla á nemendatónleikum skólans í Gamla bíó í maí 1953. Við vorum fáir strákararnir í hópnum.

Allir nemendur stóðu fyrir framan sínar kennslustofur á göngunum á þremur hæðum og tóku þátt í að syngja ættjarðarljóð eða aðra fallega og þekktu, íslenska söngtexta. Lagavalið var kynnt fyrir eina viku í senn á fjölrituðu blaði, sem hékk uppi í hverri stofu og var brýnt fyrir börnunum að læra viðkomandi texta til að geta tekið undir. Svo ákveðið var gengið eftir þessu að einn úr hópnum var gjarnan kallaður upp og beðinn um að flytja söngtexta dagsins áður en morgunsöngurinn hófst. Enginn vildi standa á gati frammi fyrir nemendaskaranum.

Ingólfur stóð fyrir sérdeilis vandaðri og góðri tónlistarfræðslu. Við fengum líka tækifæri til að æfa saman í barnakór Laugarnesskólans og syngja á tónleikum. Vortónleikar á sviðinu í Gamla bíó. Jólatónleikar í Laugarneskirkju. Maður var mættur í svörtum buxum og hvítri skyrtnu með þverslaufu. Hilmar Ingólfsson, bekkjarbróður minn og síðar skólastjóri, söng “Nóttin var sú ágæt ein” eins og engill. Í tímum hjá Guðmundi Magnússyni og síðar Ingólfi komst ég í kynni við sýnishorn af öndvegisverkum tónbókmenntanna, sem leikin voru af hljómplötum og skýrð fyrir okkur. Það var líka boðið upp á námskeið í fiðluleik, sem Rut Hermanns, fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveitinni, annaðist í einkatímum. Ég sýndi þessu áhuga en Ingólfur ræddi málið við mig privat í hálfum hljóðum, bað mig um að rétta fram höndina, leit á hana og sagði: “Þú ert með of feita putta” og ég var því ekki á leiðinni að verða neinn Paganini. Punktum og basta. Ég lærði aldrei að spila á hljóðfæri. Ása frænka fékk mig til að setjast niður við píanóið hjá sér og ætlaði að kenna mér undirstöðuatriðin en ég sýndi því ekki áhuga. Hafði sennilega ekki eirð í mér til þess.

Á jólum var miðjurými Laugarnesskólans, sem þjónaði eins og anddyri kennslustofanna og samkomusalur, fagurlega skreytt. Myndir, sem nemendur höfðu gert í teiknitímum hjá Þóri Sigurðssyni og Jóni Guðmundssyni prýddu handriðin meðfram göngum á þremur hæðum og risastóran gluggann á norðurhlið hússins. Myndefnið var að sjálfsögðu sótt í



Jólaskreytingar í Laugarnesskólanum voru glæsileg umgjörð um skemmtanahald í miðrymi skólans.



Þórir Sigurðsson kenndi okkur teikningu og hafði umsjón með jólaskreytingunum.

jólaguðspjallið. Allt skólahúsið var eins og samfelld listaverk og ákaflega hátíðlegt þegar stórt jólatré var svo líka komið upp á miðju gólfi. Ég var ekki flinkur við að teikna en gerði þó einu sinni vatnslitamynd af íslenskum fjöllum, sem valin var með öðrum til sýningar á vegum Rótarýhreyfingarinnar einhvers staðar í framandi landi. Kannski þótti hún frumstæð eða “avant garde” af barnaverki að vera.

Hljýjustu bernskuminningar mínar eru sem fyrr segir tengdar Laugarnesskólanum og veru minni í bekk hjá Skeggja, sem var vissulega strangur lærimeistari en veitti mér og fleiri nemendum sínum einstök tækifæri, reynslu sem við höfum búið að alla ævi. Það voru þó fleiri afburðakennarar sem komu við sögu. Þegar ég kom í unglingadeildina fengum við Svein Kristjánsson sem umsjónarkennara. Hann kenndi dönsku og mannkynssögu sem varð mitt eftirlætisfag. Óskar Halldórsson var frábær íslenskukennari og hjá honum lærðum við flóknar reglur málfræðinnar og að skrifa ritgerðir. Hvort tveggja góður grundvöllur fyrir verðandi blaðamann.

Það var ókostur að eiga langt að fara og geta ekki haft jafn eðlileg samskipti við bekkjarfélagana mína utan skólatíma og þeir höfðu margir sín á milli. Ég átti hins vegar góða félagana í Bústaðahverfinu. Það fór mikill tími í ferðalög vegna skólans þegar við bættist að aukatímar í sundi og leikfimi voru ekki alltaf í beinu framhaldi af bekkjarkennslunni. Það kostaði aukaferðir ofan úr Bústaðahverfi eða þá að maður fékk að koma í heimsókn til bekkjarfélagana á meðan beðið var. Hins vegar komu þeir ekki inn í Bústaðahverfi að heimsækja mig. Lítið var um símhringingar til kunningja, því að við höfðum engan síma. Alltaf var skortur á nýjum númerum hjá bæjarsímanum. Ef mikið lá við fékk ég að hringja hjá systrunum Tótu og Jónu á númer 63. Ég var ekki nema sæmilegur í leikfimi en ættingjar mínir virtust margir gera ráð fyrir að ég yrði séni á því sviði vegna hæfileika föður míns í fimleikum. Stefán Kristjánsson, skíðamaður og síðar íþróttafulltrúi borgarinnar,

kenndi okkur leikfimi. Einu sinni eða tvisvar á vetri voru svokallaðar dansæfingar undir stjórn Guðrúnar Nilsen, fimleikakennara. Það voru aðallega einhver hlaup í marseringum og gömlu dansarnir. Sundkennsluna sóttum við í gömlu lauginni við Sundlaugaveg, sem var orðin mjög lúin og gamaldags enda steinsteypt og hlaðin að stofni til úr tilhöggnu grjóti árið 1908. Þar stóð gamall timburskáli með miklum rangölum að þræða sig um á leið til útilaugarinnar. Karlarnir voru saman í einum stórum búningssal og þar afklæddist öll hersingin. Úr afgreiðslunni hafði hver og einn tekið með sér herðatré með áhangandi netpoka fyrir fatnað. Oft stóð forseti Íslands Ásgeir Ásgeirsson berstrípaður þarna inni í miðri þvögunni að fara í sund eins og hann hafði að föstum síð. Þegar forsetinn var í salnum var háreysti mjög í hof stillt. Allir fóru svo í skýlurnar og gengu að afgreiðsluborði þar sem fatnaðurinn var tekinn í vörslu og héldum eftir það rakleiðist fram í baðklefann. Ekki var hægt að kvarta yfir að maður kynni ekki að þrifa sig undir sturtunni. Baðvörðurinn fylgdist líka vel með því að verklagskröfur væru uppfylltar. Þvoðum okkur vel með sápu, fórum í skýlurnar og stukkum svo út í laug. Oft var synt í nokkru frosti og hvössum vindi undir leiðsögn Eiríks Stefánssonar, sundkennara, sem líka var vinsæll sem jólsveinninn á jólaskemmtunum Laugarnesskólans. Leikfimin og sundið voru mikil líkamsþjálfun og góð heilsubót. Mér gekk nokkuð vel í sundinu.

Reyndar hafði ég lært að synda vorið 1952 á sundnámskeiði, sem Jón Ingi Guðmundsson, sundkennari, hélt í sundlaug Austurbæjarskólans og aðstandendur borguðu fyrir. Við lærðum bringusund og svo vildi til að um þetta sama leyti stóð yfir fyrsta samnorrena sundkeppnin. Synt var 200 metra bringusund. Íslendingar höfðu mikinn metnað og allir sem einhvern tímann höfðu kunnað sundtökin fóru að busla í sundlaugunum til að ná því marki að klára 200 metrana með einhverjum ráðum. Margar skemmtilegar sögur voru sagðar af meintu svindli bæði hér heima og í hinum þátttökulöndunum. Var því t.d. haldið fram að hér á Íslandi hefðu annálaðir sundkappar

aðstoðað með því að synda kafsund með hálfmynd eða ómynd gamalmenni á bakinu. Og svo voru fréttir af ótrúlega löngum spyrnum sumra frá bakkanum, sem áttu að hafa fleytt þeim langleiðina laugina á enda, þegar þeir voru farnir að lýjast á sundinu. Danir voru sakaðir um að synda hundasund. Jón Ingi vildi að námskeiðinu lyki með því að einhverjir nemendurnir gerðu tilraun til að synda 200 metrana og var ég valinn í þann hóp. Mér tókst að ná settu marki með 25 ferðum yfir kennslulaugina og fékk hið eftirsóttta þríhyrnda og blálita sundmerki sem ég bar með stolti á úlpunni minni. Ekki var að sökum að spyrja. Íslendingar urðu sigurvegarar í þessari keppni. Höfðu langmesta þátttöku, auðvitað miðað við fólksfjölda. Þetta var talinn glæsilegasti íþróttasigur landsmanna til þessa, því að 24,99% þjóðarinnar tók þátt. Næstir voru Finnar með 6% þátttöku. Að launum tók þjóðin á móti bikar, sem Hákon Noregskonungur gaf til keppinnar.



Gamli skálinn, sem hjósti böð og búningsklefa gömlu sundlauganna. Þar var skólasundið stundað.



Það var flaggað í Laugunum þegar samnorræna sundkeppnin stóð yfir. Þeir sem syntu 200 metrana fengu svona barmmerki.



Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, var okkur góð fyrirmynd.



Sundiðkunin var erfið í útilauginni í vetrarveðrum.

Hið daglega líf Reykjavíkurbilts

Heima í Bústaðahverfinu beið hádegismatur í eldhúsinu hjá mömmu þegar heim var komið úr skólanum. Eins og flestar aðrar konur á þeim tíma var hún heimavinnandi, annaðist barnauppeldið og öll heimilisstörf. Þegar hlé varð á brá hún sér gjarnan í heimsókn til Hildar, föðursystur minnar, sem bjó á Hólmgarðinum með eiginmanni sínum Gísla Kærnested og börnum þeirra. Í Smáibúðahverfinu voru líka gamlar vinkonur, Erla Kaaber og Þórey Bergmann, sem oft komu í eftirmiðdags- eða kvöldkaffi á Bústaðavegin.

Ósjaldan var ég nálægur áheyrandi þegar þessi kvennasamkvæmi fóru fram. Það var mikið rætt um verðhækkanir, barnauppeldi, vöruskort og ástandið almennt í þjóðfélaginu. Nýjustu kjaftasögur af samborgurunum voru sagðar. Farið yfir sjúkdómasögur og skipst á upplýsingum um ágæti heimilislæknanna. Hvíslast á um hjónaskilnaði, sem voru eins og ein af höfuðsyndunum á þessum tíma. En það var líka mikið hlegið og gert að gamni sínu enda mörgum þessara kvenna lagið að sjá skoplegu hliðarnar á tilverunni og voru fyndnar og sögðu skemmtilega frá. Sumar sögðu lífsreynslusögur



Glæsilegar og velklæddar ungar konur á gönguferð niður Bakarabrekkuna í góða veðrinu.

eftir heimsóknir til tannlæknanna. Þá var algengt að þeir beittu þeirri aðferð að “rífa úr” heilu og hálfu gómana til að bæta tannheilsu. Ekki nema von að fólk þyrfti að glenna út munnvikin og sýna nýju gervitennurnar á mannamótum. Skemmdir í tönnum voru vandamál og margir þurftu að nota gervitennur meirihluta ævinnar. Maður þjáfaðist í að geifla sig og gretta og herma eftir fólki, sem hafði tekið út úr sér tanngómana fyrir svefninn og reyndi að gera sig skiljanlegt. Mamma eignaðist stóra og hávaðasama hárburrku sem keyrð var inn á eldhúsgólf þegar vinkonurnar komu gagnert í lagningu eða permanent. Þetta var að mestu ókeypis þjónusta, stundum þó skilinn eftir peningaseðill “til að borga fyrir rafmagnið”. Nú var notað undraefnið Tony, nýtt permanent, mjólkurlitt og lyktarsterkt. Vökvanum var hellt á undirskál en hárlökkar vættir upp úr því og síðan vafðir inn í þunnan blaðsnepil og rúllað upp á plaststykki sem leit út eins og lítið bein úr kjúklingi og síðan var teygju smellt yfir til að festa lokkinn. Þegar allt hárið hafði hlotið þessa meðferð leit konan út eins og geimvera, þegar höfuðið hvarf að mestu undir hjálminn á hárburrkunni. Mamma hafði sagt okkur krökkunum sögur af því hve illa hefði tekist til þegar hún var lærlingur á hárgreiðslustofu Kristínar Ingimundar. Þá var notast við hið nýstárlega “rafmagnspermanent”. Lokkarnir voru tengdir við snúrur og rafhitaðar klemmur. Fíngerðar rafmagnsleiðslurnar lágu um allt hárið eins og jólastréssería. Einhverju sinni gleymdi hárgreiðsludaman tímasetningunni og tók mikla sviðalykt að leggja um stofuna, þannig að ekki var um að villast að höfuð frúarinnar í rafmagnspermanentinu var orðið eins og hálfreittur, sviðinn kjúklingur eftir meðferðina.

Síðdegis var lagt af stað í aukatímama niður í Laugarnesskóla og svo komið heim til að læra fyrir morgundaginn. Mamma aðstoðaði okkur systkinin við heimanámið, fylgdist með lestraræfingum, skoðaði vinnubækur og skrifraræfingar og hlýddi okkur yfir fyrir próf. Þegar tími var aflögu hljóp ég upp í Hólmgarð til Björgvins eða til Ragnars á Hæðargarðinum. Björgvin var einkabarn en Ragnar átti tvo



Mamma kunni vel að meta hárgreiðsluna hjá kvikmyndastjórnum Ritu Hayworth.



Rafmagnspermanent var vandmeðfarið og endaði stundum með ósköpum á hárgreiðslustofum.

bræður. Pabbi Ragnars starfaði sem sölustjóri hjá Ford-umboðinu Kr. Kristjánssyni við Laugaveg og Nóatún, þar sem Hekla var síðar til húsa. Júlíus Maggi Magnús hét hann, almennt kallaður Júlí Magg og víða kunnur af því að hafa verið fallhlífarhermaður í ameríska hernum í stríðinu. Júlíus hafði til afnota einn flottasta bíl bæjarins, Ford Victoria 1955, tvílitan, tveggja dyra. Það var heilög stund að stíga upp í slíkt ökutæki og fara í bíltúr um bæinn.

Óneitanlega var þöngbýlla og meiri asi á mannskapnum á Bústaðaveginum en heima hjá þeim félögum mínum þannig að við höfðum betra pláss og næði til leikja á þeirra heimilum. Á sunnudagsmorgnum fór um gjarnan í Sundhöllina og svo í þrjú-bíó. Eitthvað tók maður sig til við að safna hasarblöðum um tíma og hélt með bunkann undir handleggnum til að skiptast á blöðum við aðra safnara fyrir framan bíóið áður en sýning hófst. Strákar höfðu sem tómskundagaman að safna amerískum Dell-blöðum með teiknisögum af kúrekum, Tarzan og öðrum ofurmennum. Hjá sumum var þetta orðinn business. Það var hlegið rosalega ef maður mætti með Andrésar Andar-blöð. Ég ætlaði því að feta mig lengra á þessari braut og fór að þefa uppi amerísk hasarblöð í verslunum. Það var Bókabúð Böðvars í kjallara Herkastalans, húss Hjalpræðishersins við enda Aðalstrætis, sem þótti líklegust til að falbjóða slík bókmenntaverk. Ég hafði frétt að þar fengist glænytt Tarzanblað. En ég greip í tóm. Afgreiðslustúlkan benti mér hins vegar á, að í höfuðstöðvunum, Bókabúð Böðvars í Hafnarfirði, væri líklega eitt eða tvö blöð eftir. Lagði ég á mig ferð á reiðhjóli suður í Hafnarfjörð, keypti þetta blað og þóttist vel birgur þegar ég mætti næst á skiptimarkaðinum við bíóin.

Það voru ekki bara dönsku Andrésar Andar-blöðin, sem vitnuðu um talsverð dönsk áhrif í samfélaginu í æsku minni. Í mínu umhverfi var gjarnan slett dönsku í daglegu máli. Á Frakkastígnum var farið fram í “bísalagið” eða upp í “kames”. Þar var “stufað af” og notað “vaskepulver”. “Stakketið” (girðingin) var málað

fyrir sumarið og “hekkið” klippt þegar það hafði hækkað í sumarblíðunni. Við gengum á “fortovinu” niður Laugavegin og það gerði líka “pólitíið”, Sæmundur Gíslason, lögreglumaður nr. 1, sem var við umferðarstjórn í nágrenninu. Hann var góðvinur á Frakkastígnum, mikill söngmaður og hestamaður og alltaf kallaður “Sæmi pól”. Viðskiptajöfrarnir, “forretningsmennirnir”, mættu með konum sínum á “premier” í Þjóðleikhúsinu og áttu miða á 1. bekk á neðra “balkon”. Frúrnar voru gjarnan “fiks” með “lekkert” hálsmen eða aðra glitrandi skartgrip. “Skreyttar eins og jólatré”, var það kallað. Þetta fólk ferðaðist auðvitað á “1. klassa” þegar það sigldi til útlanda. Sumir áttu heima á “2. sal” og höfðu aðstöðu til að fá sér “frúkost” úti á “altani”. Þar var kannski gluggað í dönsku blöðin, vikublöðin, sem komu reglulega með Gullfossi frá “Höfn”. Við komu skips birtust auglýsingar frá bókaverslunum í dagblöðum og útvarpi: “Dönsku blöðin komin.” Tímaritin “Hjemmet”, “Familie-Journal”, “Tidens kvinder” “Alt for damerne” “Femina” og allnokkur önnur voru meðal vinsælasta lesefnis á íslenskum heimilum. Þetta voru glæsileg, myndskreytt blöð í öllum regnbogans litum og skörtuðu öllu sem ekki var til í íslenskri tímaritaútgáfu.

Margir höfðu fastar pantanir að tilteknum blöðum í bókabúðunum og vann ég stundum við það hjá Eymundsson að tína þau til, rúlla upp í umbúðapappír og merkja kaupandanum. Dönsku blöðin fengust líka í “kioskinum”, litlum söluturni sem opnaður var við hliðina á bókabúðinni í Austurstrætinu. Maður fór snemma að rýna í bækur á dönsku. Handbækur frá Politikens Forlag með margvíslegum fróðleik, svo sem árbókin “Hvem, Hvad, Hvor” og tómskundabókin “Min Hobby Bog”, sem var full af skemmtilegum hugmyndum um alls kyns föndur. Í bíóunum voru sýndar vinsælar danskar myndir eins og “Fi og Bi”, kallaðir “Litli og stóri” á íslensku. Þegar ég var orðinn unglingur lá leiðin í Hafnarfjarðarbíó að sjá “Karlsen stýrimann”. Danskir leikarar í kvikmyndum, Dirch Passer, Frits Helmut og Ghite Nørby og fleiri, voru þekktar stjórnur hér.


*Ford Fairlane Victoria,
árgerð 1955.*



Bíóin tvö í Hafnarfirði, Bæjarbíó og Hafnarfjarðarbíó, buðu upp á úrval mynda, sem Reykvíkingar hópuðust til að sjá og fóru þangað með Hafnarfjarðarstrætó. Ítalskar og franskar eðalmyndir voru oft á hvítu tjöldunum þar syðra. Þær voru sýndar með dönskum skýringartextum.

Listrænar myndir frá Ítalíu og Frakklandi eða þýskar dans- og söngvamyndir voru líka á boðstólum í bíóum í Reykjavík, allar með dönskum texta. En þær ensku voru ótextaðar. Oftast var farið í Austurbæjarbíó. Myndirnar með Roy Rogers, hinum snyrtilega, glaðlega og sísyngjandi ameríska kúreka og eiginkonu hans Dale Evans, ásamt skylduliði þeirra og hestinum Trigger, voru efstar á vinsældalistanum. Innlifun áhorfenda náði hámarki þegar Roy fór þeysireið á Trigger til að hafa uppi á bófagengjunum. Þá var allur skarinn staðinn upp, æpti og blístraði til að hvetja Roy til dáða. Þarna þurfti enga skýringartexta. Óskiljanleg ensk tunga flæddi í stríðum straumum fram af kvikmyndatjaldinu en væri söguþráður bíómyndanna merkingarmeiri keypti maður prentað “prógramm” með ágrípi af honum á íslensku. Kvikmyndahúsin voru fimm í bænum. Tvö þeirra voru í stórum bröggum, sem setuliðið hafði reist til að skemmta sínum mönnum, Trípólí við Suðurgötu og Hafnarbíó á horni Skúlagötu og Barónsstígs. Skátaheimilið við Snorrabraut var einn af þessum stóru bröggum, reyndar fyrrum herspítali frá stríðsárunum. Í Skátaheimilið komu krakkar úr öllum bænum á fundi, ljósálfar, yrðlingar og skátar. Einnig var farið í útilegur í skátaskálana í Lækjarbotnum. Ég var í flokknum Örnur í Jómsvíkingasveit og þótti það áhugavert þar til ég rakst á flokksforingjann vera að pukrast með sígarettu í munninum suður í skemmtigarðinum í Tívolí. Þá var mér misboðið

Amerísk hasarblöð í góðu ásigkomulagi voru gulls ígildi og Andrés Önd góður dönskukennari.



og ég sagði skilið við skátana. Svona sterk voru “uppeldisáhrifin” úr Laugarnesskólanum.


Tíðar ferðir mínar um Lækjartorg þar sem ég skipti um strætó á leið milli heimilis og skóla urðu til að styrkja tengsl mín við iðandi miðbæjarlífið og höfnina. Um tíma seldi ég Vísi nokkuð reglulega og sótti blaðið í afgreiðslu þess í Félagsprentsmiðjunni í Ingólfsstræti. Ég hafði reyndar stolist til að selja Vísi fyrst þegar ég var sjö ára. Þótti það með ólíkindum að ég, barnið, fengi afgreidd blöð til að selja á almannafæri. Heima var blátt bann lögð við slíkri sölustarfsemi minni. Nokkrum árum seinna reyndi ég aftur fyrir mér og gekk þá nokkuð vel í blaðasölnunni. Var ég farinn að fá blöðin afhent með söluhæstu strákunum frá deginum áður. Það veitti markaðslegt forskot í lausasölnunni með köllum og hlaupum til kaupenda. Maður varð bara að gæta sín á að

fara ekki inn á yfirráðasvæði, sem Óli blaðasali hafði helgað sér við Reykjavíkrapótek. Hann tók tilhlaup og rak öll aðskotadýr á brott með látum “úr túninu”. Ég lagði leið mína víða um skrifstofur fyrirtækja og stofnana og kynntist starfsemi þeirra. Prófaði allar lyftur í bænum. Ég kom við í Verkamannaskýlinu og vöruskemmum skipafélaganna við höfnina, þar sem verkamennrínir drukku síðdegiskaffið sitt. Margir vildu líta í Vísi um leið. Um borð í farskipunum voru alltaf einhverjir af áhöfnunum að vinna og keyptu af mér blað. Ég var forvitinn og það var enginn vandi á þessum tíma og fara um skipin hátt og lágt, skoða sig um og snerta stýrin uppi í brú eða fara niður í vélarrúmið, kíkja inn í eldhúsið eða tóma farþegaklefa og veitingasali. Maður komst þó aldrei í siglingu. Þetta var mín aðferð til að kynna átt högunum, sem gat þó ekki staðið lengi því að ég var upptekinn við námið og önnur störf í skólanum.



Fjölmenni var jafnan á hafnarbakkanum þegar Gullfoss lét úr höfn á hádegi annan hvern laugardag. Draumaferðin til Leith í Skotlandi eða Kaupmannahafnar var að hefjast.

Glens og gaman í sunnudagsbíó



Roy Rogers og Trigger



*Danny
Kaye*



Litli og stóri, hinir dönsku



Chaplin



Laurel og Hardy, "Gøg og Gokke"



Abbott og Costello



Fernandel



Dean Martin og Jerry Lewis




Norman Wisdom

Vistaður í sveit vestur í Geiradal

Okkur Reykjavíkurbörnum hafði þótt einstakt nýmæli að sjá barnabók á markaðnum með teiknimyndum úr borgarumhverfinu okkar. Þetta var bókin “Andarungar á Lækjartorgi” um andarunga og mömmu þeirra á gönguför um miðbæinn. Lækjartorgi og Hljómskálagarðinum ásamt nokkrum fleiri kunnuglegum kennileitum brá fyrir á skemmtilegum teikningum í bókinni. Þær sýndu m.a.

Persilklukkuna og strætisvagna á Torginu, löggur að stýra umferðinni og Þorfinn karlsefni í syðri tjarnarhólmanum. Benedikt Gröndal, þá blaðamaður og síðar forsætisráðherra, skrifaði textann og teiknaði myndirnar. Sögusvið innlendra barnabókmennta var annars undantekningalítið sótt í “sveitasæluna”. Myndirnar sýndu dreymandi smala á lækjarbakka og jórtrandi rollur flatmagandi einhvers staðar uppi í fjallshlíð. Þetta var klassísk ímynd sveitalífsins, sem kaupstaðarbörnunum væri hollt að teygja í sig. Í skólanum kunnum við tæpast að teikna nokkuð annað en íslenskan burstabæ með rjúkandi reykháfi inni á milli blárra fjalla með sól í heiði.

Misjafnlega vanskapaðar skepnur á túninu í kring, sem blýanturinn skildi eftir sig á pappírsörkinni, voru til að undirstrika væntumþykjuna í garð dýranna, sem við höfðum sjaldan eða aldrei séð ljóslifandi, blessaða málleysingjana, sem fæddu okkur og klæddu, voru uppspretta mjólkur, osta, kjöts og ullar. Alls þess sem gaf okkur þróttinn til að draga fram lífið og hækka í loftinu. En nú skyldi bætt úr þessu jarðsambandsleysi og voru börn á ungum aldri nánast flutt nauðungarflutningum í sveit til frændfólks, fjarskyldra ættmenna eða fullkomlega vandalausra. Nú er til síðs að beðið sé afsökunar á hinum og þessum misgjörðum gagnvart börnum á uppeldisstofnunum og mætti halda því fram með rökum að krakkar úr Reykjavík ættu afsökunarbeiðni inni frá foreldrum og bændastéttinni, sem notaði þá sem ódýrt vinnuafli í þrjá mánuði á ári. Albert



Guðmundsson lýsti því einu sinni í borgarstjórn hvernig ástandið hefði verið í hans ungdæmi. Hann var hreinlega skáldlegur þegar hann lýsti því hversu indælt það hefði verið að skoppa sumarlangt í órjúfanlegu sólskini um Hverfisgötuna og Smiðjustíginn með fótboltann á tánum þegar strákarnir vinir hans höfðu verið sendir grátklökkir af kvíða á einhverja sveitabæi langt í burtu, þar sem þeir þekktu ekkert til. Ég var sjö ára þegar röðin var komin að mér.

Guðrún móðir Magnúsar stjúpa míns þekkti til fyrir vestan og varð það til þess að ég var vistaður í sveit á Svarfhóli í Geiradal hjá Grími Grímssyni og Svöfu Þorleifsdóttur. Þau hafði ég aldrei augum litið, ekki heyrt þau nefnd á nafn fyrr en sumardvöl mín þar vestra var ákveðin. Fyrir klukkan 7 að morgni snemma í júní stóð ég með Magnúsi í mannþrönginni á planinu við Bifreiðastöð Íslands við Kalkofnsveg, norðan Hafnarstrætis, gegnt Arnarhóli. Þar var jafnan fjölmenni saman komið á þessum tíma dags, þegar rútabílarnir voru búnir til brottfarar út á þjóðvegi landsins, sem með vegabótum undanfarinna ára höfðu opnað æ fleiri möguleika til að komast landsveg til fjarlæggra staða. Dótið mitt var í slitnum, gulum sjópoka og sá ég að honum var komið fyrir uppi á þaki á Dalarútnni. Júlíus Sigurðsson, þekktur rútabílstjóri á vegum og vegleysum um allt land en síðar leigubílstjóri á Bæjarleiðum, tók á móti farangrinum og kom honum fyrir í skottinu en aðallega í mikilli stæðu á toppnum, sem segl var síðan breitt yfir og bundið niður. Það voru margir á ferðinni vestur í Dali og áfram yfir Þorskafjarðarheiði til Arngerðareyrar við Ísafjarðardjúp. Til að mæta flutningaþörfinni samkvæmt skyldu sérleyfishafans þurfti því tvær rútur, D1 og D100, sem voru í eigu Guðbrands Jörundssonar, kallaður Dala-Brandur. Þegar búíð var að koma farangrinum fyrir var næst á dagskrá að koma mér fyrir inni í bílnum og biðja einhvern að líta eftir mér, því að ég ferðaðist einsamall. Eftirlitshlutverkið tók að sér gæðaleg kona í ljóslitri gaberðínkápu, sem ætlaði í Búðardal.



Guðrún Magnúsdóttir og Jóhannes Teitsson, foreldrar Magnúsar stjúpa míns, voru mér sem amma og afi.



Þvottastæði bak við BSÍ við Kalkofnsveg. Rúturnar gerðar klárar fyrir aksturinn út um land. Þarna var fjöldi bíla á hverjum morgni og farþegar að tínast upp í þá. Margir mættir til að að kveðja.



Fararskjóti minn vestur í Geiradal, Dalarútan D 100.



Það var áberandi lágt undir loft í rútunni, sem var Ford 47-módel með sætum fyrir 30 farþega, yfirbyggð hjá Einari Helgasyni á Akranesi eftir teikningu Dala-Brands. Þóttu rúturnar hans vel hannaðar en áberandi lágt var undir loft. Maður sá að fullvaxnir farþegar voru afskaplega niðurlútir og urðu flestir að ganga kengbognir inn eftir vagninum. Aftan á öllum sætum voru krómaðir öskubakkar með smelluloki, því að reykt var, og það ákaflega, í slíkri langferð sem við áttum nú fyrir höndum. Drjúgan tíma tók að komast fyrir Hvalfjörðinn á mjög frumstæðum vegi á köflum. Brekkurnar voru glæfralegar, vegurinn þröngur og ójafn en þverhnýpi að sjá út um gluggann, beint niður í sjó. Ekki leið á löngu áður en ég var orðinn bílveikur og kastaði upp út um gluggann. Hristingurinn og þykkur sigarettureykurinn sáu til þess. Voru vegafremkvæmdir víða í gangi.

Viðkoma var höfð í Ferstiklu og drukkið morgunkaffi, síðan ekið áfram upp í Hreðavatnsskála með stuttri viðdvöl þar en svo lagt á Bröttubrekku og komið í Dalina. Þá fjölgaði viðkomu við einstaka bæi, þar sem farþegar fóru að tínast úr bílnum en í

Búðardal var stoppað við gamla barnaskólann. Hádegismatur var þar á boðstólum fyrir þá sem enn voru með meltingarfærin í lagi. Meðan áningin stóð yfir keyrði Júlíus rútuna á þvottastæði og skrúbbaði mislita æluna af gluggum og hliðum bílsins. Áfram skyldi svo haldið og var komin grenjandi rigning þegar við keyrðum inn í Gilsfjörðinn og framhjá Ólafsdal. Þar tóku við enn meiri vegleysur, afar illar yfirferðar. Síðan var haldið í Króksfjarðarnes og skilað pósti en þaðan lá síðan bein leið yfir Geiradalinn og var mér gert viðvart áður en stansað var við afleggjarann heim að Svarfhóli. Ég fékk sjópokann minn og tölta svo af stað heim á bæ í rigningunni og drunganum. Mér var órótt en reyndi að bera mig karlmannlega og gefa mig ekki á vald tilfinninganna. Nú var klukkan orðin rúmlega fjögur og við höfðum verið á ferðinni frá því kl. 7 um morguninn.

Heimilisaðstæður á sveitabænum voru mikið ólíkar því sem stráksi úr Reykjavík átti að venjast. Húsakynni voru ágæt, tiltölulega nýlegt steinhús með stofum og eldhúsi ásamt buri á neðri hæðinni og á þeirri efri hjónaherbergi og baðstofa með rúmum fyrir börn og gesti sem að




Fagur Geiradalur. Horft til suðurs út á Króksfjörð og Breiðafjörð, til Skarðsstrandar. Klofningur í fjarska.

garði bar. Ekki var mjög gestkvæmt til gistingar en sagðar voru sögur af kunnnum heimilisvinum, sem komu á öðrum árstímum, eins og þingmönnum í yfirreið fyrir kosningar. Þá var Ásta-Brandur líka iðulega á ferð um sveitina enda Barðstrendingur að uppruna. Hann var landspektur flækingur, ekki beinlínis heill á geðsmunum, sem skríkti og trallaði og kleip stelpurnar í rassinn, klæmdist við þær og endaði sennilega á einhverju hælínu sem fullorðinn og náttúrulaus einstæðingur.

Ásta-Brandur var kunnur að því að verða sér úti um ódýran flutning milli landshluta. Sennilega hefur honum verið meinað að koma upp í farþegarými rútabíllanna vegna andfélagslegrar hegðunar, galsafenginnar danslistar með hoppi og hii og tröllahlátri og skríkjum, sem hafa farið misjafnlega ofan í samferðarfólkið í þá daga. Kannski lyktin líka. En við þessu var fundið ráð. Ásta-Brandur lét binda sig “on top”, þ.e. hann var reyrður niður í seglið sem breitt var yfir farangurinn á þaki Dalarútunnar. Þannig var sagt að hann hefði allavega farið á milli Búðardals og Kinnastaða í Reykhólahreppi. Ýmist lá Ásta-Brandur úti og svaf í hvömmunum niðri við Króksfjörðinn, þegar hann var á flækingi vestra yfir sumarmánuðina, eða þá að hann baðst gistingar heima á bæjunum er kólna tók í veðri. Þá varð fjandinn laus, því að hann bar með sér lús sem heimafólkið fór ekki varhluta af. Eftir eina slíka heimsókn Ásta-Brands að Svarfhóli tók það marga mánuði að losna við óværuna. Þetta varð til þess að ég kom auðvitað grálúsugur heim úr sveitinni um haustið, var snarlega sendur í snoðklippingu og svo úðað yfir mig DDT-eiturdufti heima, sem var nuddað niður í hársvörðinn. Því næst tók kemmingin við.

Mér hundleiddist oft í þessari sveitadvöl, fannst ég vera kominn að endamörkum veraldar. Oft lá ég kvalinn af heimþrá niðri í hvammi við Geiradalsá á góðviðrisdögum og horfði á Katalínuflugbátana, sem flugu yfir í hæstum hæðum og bar við bláan himinn á leið til Reykjavíkur frá Hólmavík eða Ísafirði. Svo varð mér rórra þegar það rifjaðist upp að vinir



Það var ævintýrlegt að fara yfir Hvítárbrúna í Borgarfirði. Mjög reyndi á hæfni rútabílstjórana.



Ásta-Brandur flæktist milli bæja á Vesturlandi. Hann var framúrstefnumaður í skemmtanahaldi.



Dalarútan opnaði landleiðina milli Reykjavíkur og Ísafjarðardjúps yfir Þorskafjarðarheiði.



Sumar í sveit. Krakkarnir á bænum ásamt heimilishundinum. Ég lengst til vinstri, síðan Guðmundur, Elín og Guðrún, sem var í sumardvöl eins og ég.

mínir og leikfélagar voru ekki heldur heima í Reykjavík, voru líka komnir í sveitina. Systkinin á Svarfhóli voru Elín 14 ára og Guðmundur 7 ára. Auk þess voru ungar stúlkur innan við fermingu í sumardvöl á bænum. Ella var glaðlynd og skemmtileg og lánaði mér blöð til að skoða og hjálpaði mér við að skrifa bréf úr sveitinni. Held ég að þau hafi verið talsvert ritskoðuð þegar ég lýsti aðstæðum á bænum og líðan míns sjálfs. Sum bréfin þáraði ég í einrúmi en var svo harðhentur við blýantinn, að afrit af bréfinu mátti lesa á auðu blöðunum næstu í blokkinni. Slíkum rannsóknaraðferðum var líka beitt og fékk ég átölur fyrir að vera eitthvað að kvarta yfir viðmótinu hjá heimilisfólkinu. Var ég látinn finna það líka, að ég þessi kaupstaðarkrakki að sunnan mætti sannarlega þakka fyrir hlutskipti mitt í sveitasælunni á slóðum Laxdælu og Sturlungu.

Mér fannst óréttlátt hve áberandi munur var á vinnuframlagi mínu 7 ára og hans jafnaldra míns á bænum. Ég var kominn upp fyrir allar aldir með hrífu í hönd að raka frá óslægjunni

í humátt á eftir Grími bónda, sem sat á hestasláttuvélinni á meðan bóndasonur lá einhvers staðar á lengdar í guðsgrænu grasinu og tuggði hundasúrur. Þannig púlaði maður meira og minna alla daga þegar þurrkur var. Við áttum þó alltaf stundir til að leika okkur og alltaf var nóg að borða. Þegar tóm gafst til gluggaði ég í barnablaðið *Æskuna* sem hafði sterka útbreiðslu á landsbyggðinni. Einnig var Samvinnan, tímarit Sambands ísl. samvinnufélaga keypt á Svarfhóli. Þar birtust m.a. fréttir af nýjum samgöngutækjum, skipum, bílum og amerískum heimilstækjum, sem SÍS flutti inn, og þar að auki ferðasögur af Erlendi Einarssyni forstjóra frá útlöndum. Allur þessi fróðleikur heillaði mig.

Niður undan Svarfhóli eru hólmar með kríu- og æðarvarpi. Útfiri er á þessum slóðum með því mesta sem gerist á Íslandi, munur flóðs og fjöru 5-6 metrar. Það var því hægt að ganga þurrum fótum á fjörunni langt út í hólma, þar sem við tókum æðardún og egg. Ekki komst ég upp á lag með að borða eggin en það voru líka lögð net

fyrir sjóbleikju og lærði ég snemma að fara einn að gá í netið, greiða úr flækjunum og meðhöndla fiskana sem döguðu uppi í netinu. Oft var glænýr silungur á borðum. Þess á milli saltfiskur, sem úrvatnaður hafði verið í bæjarlæknum og smakkaðist alltaf prýðilega. Kaupfélagsbíll kom með saltfisk og hvalrengi og var hvoru tveggju fleygt í vegarkantinn í strigapokum, sem ég síðan dró eða bar eftir þyngdinni heim á bæ. Ég fékk hins vegar velgju þegar rengið var borið á borð. Það var ekki étið súrsað heldur soðið, beint upp úr pottinum. Bauð mér við þessum herlegheitum, sem fjölskyldan tuggði með miklum unaði og renndi ljúflega niður með rúgbrauði og smjöri. Eldamennskan fór fram á kolaeldavél en seinna kom Agakoksvélin, sem þótti mikil framför sérstaklega til kökubaksturs og Svafa húsfreyja var mjög stolt af. Ekkert rafmagn var á bænum annað en það sem framleitt var með vindrellu uppi á þaki þegar þannig viðraði, ef hún var þá ekki biluð. Hins vegar var lítill bensínmotor í búrinu til að framleiða rafmagn til ljósa en sparlega farið með hann. Stór rafhlaða var við útvarpstækið.

Aðeins þrjár kýr voru í fjósinu á Svarfhóli, nokkrir hestar og einhverjir tugir sauðfjár. Fjörleg var í hæsnakofanum. Þetta var ekkert stórbýli, langt í frá, en svipaði til þess sem gerðist á nágrennabæjunum. Það var sjálfbær búsakapur stundaður þarna. Næg mjólk og kjöt handa heimafólki og svo lagt inn lambakjöt í kaupfélgíð á haustin fyrir úttekt á öðrum nauðsynjum. Í búrinu var skilvindan og tunnulaga, rauðmálaður strokkur sem snúið var með sveif við smjörgerðina og þar stóð uppi fat til skyrgerðar. Ég lærði undirstöðuatriðin í þessum vinnubrögðum og hnoðaði smjörskökur og hellti hleypi í mjólkina fyrir skyrgerðina. Undanrenna var borin út í fjós og hellt í fötu handa kálfinum að drekka, blönduð síldarmjöli. Það var stutt að reka kýrnar, aðeins rétt út fyrir túngarðinn og þar höfðu þær nægan bithaga í sambýli við hrossin. Þær voru mjólkaðar úti.

Samskipti milli mannfólksins á bæjunum voru ekki ýkja mikil. Hins vegar vissu allir allt um alla með því að liggja í símanum og



Ævintýraland. Silungsveiði í net við hólma og sker undan Svarfhóli.



Dúntekja. Æðar- og kríuegg í matinn.



Sjóbleikja sem fór beint í pottinn. Það var eftirlætisverkefni mitt að gá í netin.

hlusta á samtöl annarra. Auðvitað var gamall sveitasími uppi á veg, með sveif sem snúið var stutt eða lengi, t.d. tvær stuttar og ein löng, sem var þá “símanúmerið” á einhverjum bænum. Allar mögulegar samsetningar var hægt að búa til fyrir hina mismunandi bæi með þessu lagi. Og sömu símalínurnar lágu á marga bæi, þannig að hringingar heyrðust um alla sveit og þá ruku flestir upp og tóku tólið af, héldu fyrir hljóðnemann og hlustuðu á þá sem áttu tal saman. Einn afrakstur þessa athæfis sem tíðkaðist um alla sveit var það að Svafa húsfreyja skemmti okkur með almæltum tíðindum og nýjum kjaftasögum, og hermdi þá gjarnan eftir þeim sem þær hafði flutt í símann. Ég hló mig máttlausan. Var hún snillingur í að herma eftir sveitungum sínum og fór ég snemma að apa þetta allt eftir og taka eftir hinu sérkennilega í máli og fari fólks til að að leika eftir. Óli og Jóa á Litlu-Brekku eða Gvendur á Ingunnarstöðum voru mjög eftirminnileg í meðförum húsfreyju. Sá síðarnefndi hafði unnið sér það til frægðar að smakka niðursoðnar rækjur úr dós, sem voru líklega upprunnar í niðursuðuverksmiðju Þorvaldar Guðmundssonar (síðar í Síld og fisk) á Ísafirði. Þetta var altalað um sveitina og hafði nýjungagirnir og framúrstefna Guðmundar í

fæðuvali mjög magnast í frásögnum og hét það nú að hann væri farinn að éta marflær. Annars hafði Guðmundur þrælað á bæjum í Strandasýslu og Austur-Barðastrandasýslu frá barnsaldri og næstum orðið úti í Arnkötludal þegar hann lá á greni að vetrarlagi. Til var annað eftirminnilegt fólk, sem mikil virðing var borin fyrir í þessu þrönga og heimóttarlega samfélagi. Jón Ólafsson, símsjóri og póstmestari í Króksfjarðarnesi, var einn þeirra. Eitt sinn gerði ég alvarlega athugasemd við hann um athæfi póstmanna. Morguninn eftir að rútan að sunnan kom með pósti í Króksfjarðarnes var riðið með hann heim á bæi. Hjartað tók að slá örar þegar ég sá til póstanna, sem voru tveir unglingar úr Nesi, ríða vestur þjóðveginn um Geiradalinn. Myndu þau beygja af leið og koma heim að Svarfhóli með bréf eða pakka til mín? Eitt sinn kom pakki frá ömmu Önnu. Hafði hann verið rifinn upp og farið í lítinn konfektikassa og étnir úr honum flestir molarnir. Ég grunaði póstana. Annar þeirra var unglingspiltur úr Reykjavík, sem ég gat aldrei litið réttu auga eftir þetta, manninn sem átti eftir að verða kunnur fornbókasali í Reykjavík síðar meir.

Ólafur E. Ólafsson, kaupfélagsstjóri í Nesi, tók

Bjarkarlundur. Sumarhótel og samkomustaður fyrir sumarhátíð Barðstrendingafélagsins í Reykjavík.



alltaf vinsamlega á móti fólki af bæjunum og stráklingurinn ég var engin undantekning. Mér fannst upphefð í því að ganga inn á skrifstofu kaupfélagsstjórans og fá að spjalla við hann. Ólafur sat síðar lengi í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga og segir það nokkuð um dugnað hans og áhrif, því að óneitanlega kom hann ekki frá einu af stærri kaupfélögum landsins. Þá er mér minnstæður mikill myndarbragur sem var heima á Bæ í Reykhólasveit. Þar fundust mér íbúðarhús og útihús ásamt verkstæðum hin veglegustu og bera af öðrum í nærliggjandi hreppum. Allt nýmálað og snyrtilega við haldið. Þar bjó Magnús Ingimundarson, vegavinnuverkstjóri. Karlarnir á bæjunum höfðu aukagetu af vegavinnuframkvæmdum og uppskipun í Króksfjarðarnesi. Í Gilsfirði var verið að bæta veginn þar sem hann lá utan í snarbrattri fjallshlíð. Ég fór þangað að fylgjast með. Dýnamitinu var óspart beitt á klettahöftin og magnaðir sprengihvellingar bergmáluðu í fjallinu.

Enn voru skipakomur til Króksfjarðarness alltíðar. “Litlu skipin” frá Skipaútgerð ríkisins, þær Herðubreið og Skjaldubreið, sigldu samkvæmt áætlun á Breiðafjarðarhafnir og komu þá við í Króksfjarðarnesi en oftast var það flóabáturinn Baldur, gamalt tréskip. Í þessum siglingum þurfti að sæta sjávarföllum og þegar skipið var komið á leiðarenda má segja að það hafi nánast staðið á þurru um háfjöruna. Skipin gátu ekki lagst að lítilli bryggju, sem var á staðnum. Við uppskipun og útskipun voru því notaðir smærri, opnir bátar sem skutluðust milli bryggju og skips. Bændurnir í sveitinni lögðu niður vinnu við heyskapinn og hröðuðu sér í uppskipunarvinnu í Nesi. Það var komið skip.

Lítið var um skemmtanir þessi tvö sumur, sem ég dvaldist á Svarfhóli ef frá er talin sumarhátíð Barðstrendingafélagsins í Reykjavík, sem haldin var í sumarhótelum þess í Bjarkarlundi. Brottluttir Barðstrendingar komu þá í hópferð úr höfuðborginni og dvöldust í yndislegu, skógivöxnu umhverfinu í námunda við Berufjörðinn og Barmahlíð, æskustöðvar



Sveitasíminn hleraður. “Legið á línunni.”



Flóabáturinn Baldur flutti vörur í Króksfjarðarnesi.



Séð yfir í Króksfjarðarnesi. Útfiri var mikið og skip sátu oft á þurru meðan þau biðu eftir uppskipun.

Jóns Thoroddsens, skálds, sem hann minnst í ljóðinu: “Hlíðin mín fríða, hjalla meður græna, blágresið blíða, berjalautu væna”. Þegar haldið var til hátíðar í Bjarkarlundi var fólkinu safnað saman á opinn vörubílsþall, sem var nýr fararmáti fyrir mér. Manni var sagt að halda sér fast og svo var keyrt á ofsahraða og stoppað við bæina til að taka upp nýja farþega á leiðinni. Annars var þetta venjulegt íslenskt skrall eftir að ættjarðarljóðum linnti og hugvekju séra Emils Björnssonar, sem ég sá þarna í fyrsta skipti, prestinn sem kunnur var af ræðum sínum í Stjörnubíói og þótti róttækur í skoðunum af presti að vera. Hann átti eftir að verða yfirmaður minn hjá Sjónvarpinu. Talsvert var líka fylgst með öðrum presti, séra Þórarni sóknarpresti á Reykhólum sem var með skemmtilegustu mönnum í slíkum fagnaði sem barst þarna úti í birkiskóginn, með konum og körlum, aðallega þó ungum kaupakönum.

Er komið var fram á síðsumar hófust berjaferðirnar. Þær voru eins og í ævintýri. Við fórum á hestbaki vestur fyrir Tinda og þar upp í brekkurnar, sem voru bókstaflega svartar af berjum, Og þetta var eitthvað annað en krækiberin í Öskjuhlíðinni. Eintóm bláber og stærðarinnar aðalbláber. Þau hafði ég aldrei bragðað fyrir en gæddi mér líka vel á þeim og voru það fá sem höfnuðu í berjafötunni til að byrja með. Maður varð að vanda sig við tínsluna. Krækiber þarna í kring voru tínd með fingrunum en sögur sagðar af því að nú væri búíð að finna upp berjatínur, sem einhverjir í sveitinni hefðu verið montá sig af.

Í þessum ferðum og öðrum útreiðartúrum sat ég hestinn Flosa, sem nokkuð var kominn til ára sinna en þótti enn ágætur reiðhestur og sérlega góður fyrir börn og alþingismenn. Gísli Jónsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Barðastrandarsýslu bað alltaf um Flosa, þegar hann þurfti að fá lánaðan hest til að ríða um sveitir og heilsa upp á kjósendur. Mér gekk vel að sitja hestinn. Ég var auðvitað látinn ríða berbakt og þótti mér það ekkert tiltökumál, því að ég hafði séð Indíána gera þetta í bíómyndunum og var tiltölulega sáttur

þó að rasssærið ætlaði mann svo að drepa daginn eftir. Lítið fór fyrir þekkingu minni á grundvallaratriðum líffræðinnar áður en ég fór í sveitina. Þeim mun haldbetri grunnur var lagður að vitneskju minni um undur lífsins vestur í Geiradal. Var það húsfreyjunni á Svarfhóli kannski fyrst og fremst að þakka. Greinilegt var að hormónarnir og lífssaftirnar streymdu í stríðum straumum um allan hennar kropp og voru sívirkir hvatar fyrir hinar ýmsu líkamsstöðvar. Kom þetta meðal annars fram í dálítið blautlegu tali, sem ég veitti eftirtekt og fór að tileinka mér í talsverðum mæli og var orðinn býsna góður klámhundur á stuttum tíma, án þess að þurfa að sækja málproskann í bersöglar huldubókmenntir.

Þessu til viðbótar var töluverð uppljómun í því fólgin að fylgja Grími við að leiða yxna kú yfir að Ingunnarstöðum, þar sem Sigurbjörn bóndi tók á móti okkur glaður í bragði eins og eitthvað spennandi stæði til. Þar var ungur bröndóttur griðungur með hring í nefinu leiddur úr fjósi út á hlað. Í hringinn voru fest tvö löng reipi sem heimamenn toguðu í til að halda aftur af tudda þegar beiðandi beljan stóð framundan honum og sneri óæðri endanum ögrandi í hann. Eftir að hann fýldi grön smástund var ekki að sökum að spyrja að hann tókst á loft og gagnaðist hinna gestkomandi eðalkú frá næsta bæ fljótt og vel þannig að sendinefndin frá Svarfhóli gat snúið snarlega glöð í bragði heim á leið og hafði enga erindisleysu farið. Maður gat slegið um sig með útlistunum á öllum þessum nýju uppgötvunum þegar heim var komið til Reykjavíkur um haustið. Fjölskyldan fékk einhverna pata af fyrirlestrahaldi mínu um eðlun og viðgang tegundanna í þröngum vinahópi okkar jafnaldranna. Blátt bann var lagt við öllu slíku tali og var það snarlega lagt niður.

Hvort sem er að kenna aldursmuninum sem var á þeim hjónum á Svarfhóli eða einhverju öðru, þá verður því ekki neitað að sambandið var í stirðara lagi á stundum, og jafnvel svo að orð var haft á því í minningargrein um Grím er hann lést 1984. Vinur þeirra, sem skráir sig aðeins J.G., orðaði það svo í Íslendingaþáttum

Sveitalíf

Dagleg verkefni mín á Svarfhóli voru svipuð þeim sem lýst er í kvikmynd, sem Kjartan O. Bjarnason gerði um sveitalíf á Íslandi um 1950.



Það var hið mesta púl að elta sláttuvélina og raka frá óslægjunni daglangt.



Kálfurinn fékk fötu af undanrennu og síldarmjöli á hverjum morgni.



Oft gafst tími til að leika sér við heimalninginn á bænum.

Tímans:

“Grímur bjó á Svarfhóli til 1968. Þá flutti hann til Reykjavíkur. Kona hans sat eftir í búinu, líklega hafa farið fram eignaskipti, um það er mér ekki kunnugt. Ég þekkti Grím allvel. Hann var feikna mælskumaður, enda greindur vel. Hann var víða vel heima. Og það var gaman að tala við hann á góðri stund. Á Svarfhóli ríkti mikil gestrisni. Þau hjón bæði tóku vel á móti gestum. Hún var vel hög í höndum og myndarleg húsmóðir sem skreytti heimilið með listmunum og veitingarnar voru ætíð miklar og góðar. Grímur leiddi gesti sína til stofu og þar skorti aldrei umræðuefni. Ekki áttu þau Grímur og Svafa ávallt skap saman, öldurnar risu oft hátt. En nú við leiðarlokin ríkir minningin björt og heið. Grímur stundaði lengi vörsluferðir við mæðiveikigirðinguna úr Berufirði í Steingrímsfjörð. Það starf held ég að honum hafi fallið nokkuð vel. Á yngri árum var hann eitthvað viðriðinn félagsmál. Hann var fulltrúi Geirdælinga á Búnaðarsambandsfundum Vestfjarða í mörg ár. Hann var framsóknarmaður fram eftir ævi, en er á leið dofnaði áhugi hans fyrir vissum flokki. Víðsýni hans á þjóðmálum varð meiri og á þeim hafði hann áhuga fram á síðustu ár. Eftir að Grímur var fluttur til Reykjavíkur, var hann þingvörður í nokkur ár. Það starf féll honum vel. Í þingsölum hitti hann marga menn og ræddi við þá um ýmis málefni. Ekki sagðist hann yfirleitt taka harða afstöðu til þeirra mála er þingmennirnir töluðu um. Því maður vissi meira og kæmi sér betur ef maður lofaði þeim að vera einráðum um stefnuna í samræðunni. Grímur var aldrei heilsuhraustur og eftir að hann flutti suður varð hann oft að dveljast langtímum á Vífilsstöðum.”

Um veturinn eftir sumardvöl mína á Svarfhóli 1950 kom Svafa í heimsókn til okkar í Reykjavík, brosmild og alúðleg og færði mér smjörtöflu handa fjölskyldunni. Það voru mikil viðbrigði frá vanalega viðbitinu heima, smjörlíkinu frá Bláa borðanum. Þarna var líka afráðið að ég kæmi aftur í sveit á Svarfhóli næsta sumar en síðan tók Kalli bróðir við og ég flutti mig um set, á vit ættingja minna í Ási í Hrunamannahreppi.

Á slóðum forfeðra í Ytri-Hrepp

Margar sögur hafði ég heyrt frá Ási í Hrunamannahreppi, þar sem Jóhanna Sveinbjörnsdóttir, langamma mín, var fædd og uppalin. Í albúmunum í húsi fjölskyldu minnar á Frakkastíg 9 voru upplitaðar ljósmyndir af gamla torfbænum, sem hún var fædd í og ýmsu af skyldfólki mínu, sem búið hafði í Ási. Mér fannst eftirtektarvert að Ása frænka mín, dóttir Jóhönnu, var heitin eftir bænum. Skrítið að vera skírð eftir sveitabæ. Þar var líka að finna ljósmyndir af núverandi ábúendum, þeim Steindóri Eiríkssyni, bónda og Guðrúnu Stefánsdóttur, konu hans, sem var systurdóttir langömmu minnar. Þau eignuðust 10 börn. Dætur þeirra hjóna Guðrún og Elín

voru búsettar í Reykjavík og alltaf kallaðar Gunna í Ási og Ella í Ási. Gunna var góð vinkona mömmu minnar. Rifjaðar voru upp heimsóknir austur að Ási og Jóhann Ágústsson, frændi minn, hafði verið snúningadrengrur í Ási.

Nú var tvíbýli í Ási. Kristín Steindórsdóttir bjó á nýbýlinu Skyggni ásamt manni sínum Stefáni Guðmundssyni og þremur börnum þeirra hjóna. Ólíkt því sem gerðist um fyrri ferðir mínar í sveit vestur í Geiradal, fannst mér ég nú vera að fara að heimsækja fjöldkylduna, þó að ég hefði ekkert séð af heimilisfólki á bænum nema Eyrúnu, Rúnu í Ási, sem dvalist hafði í Reykjavík og komið til aðstoðar í bragganum meðan mamma eignaðist Guðrúnu systur.




Hátignarlegt útsýni í Hrunamannahreppi. Horft upp í Biskupstungur til Langjökuls.

Rúna var hress og skemmtileg en skapmikil og orðhvöt. Hún sagðist óánægð með unga Hreppamenn og stefndi að því að kynnast einhverjum Reykjavíkurlingum! Sigurjón sérleyfishafi á Skeiðin og í Hrunamannahrepp gerði út frá verslun KRON á Hverfisgötu, við Vatnssstíg nánar tiltekið. Maður keypti farmiða í búðinni og bíllinn fór þaðan að morgni, tvisvar eða þrisvar í viku, og hafði fyrstu viðdvöl við Kolviðarhól. Þjóðvegurinn var í heild lélegur og afleitur í Kömbunum, þar sem beygjur voru margar og þröngar í bröttum brekkum. Ferðalagið sóttist seint og í Tryggvaskála á Selfossi var áningarstaður, þar sem nokkrir ferðafélagarnir keyptu sér dæmigerðan íslenskan hádegismat á greiðasölu, soðið lambkjöt með kartöflum og grænmetisjafningi. Ég var ekki svangur en undi mér við að horfa hugfanginn á risastór málverk eftir Matthías Sigfússon, sem þöktu veggi matsalarins. Þarna var Hekla, síðan Fljótshlíðin og þá Gullfoss í öllu sínu veldi. Eftir þetta hlé á ferðalaginu á Selfossi var áram haldið austur í Hrepp og stoppað við marga brúspallana, þar sem farþegar kvöddu eða þakki var skilinn eftir. Mér fannst tilkomumikið að horfa inn í Hreppinn þegar ekið var framhjá Núpstúni og Miðfelli og finnst það alltaf enn. Öruglega fallegasta sveit á landinu. Og þarna miðsvæðis mátti greina tvo hvíta díla í sólskininu. Það voru bæjarhúsin á Ási og Skyggni.


Í Ási voru húsakynni ágæt í góðu steinhúsi en leifar af gömlu bæjarhúsunum voru enn uppistandandi. Hlóðældhúsið var myrkt og dularfullt með stórum og miklum búshöldum. Pottum og pönnum, sem báru aldurinn orðið illa. Þarna hafði langamma mín gengið til verka sem ung kona á sauðskinnsskóm. Enn var kveikt upp í hlóðunum og soðið slátur í pottunum. Eldhúsið var líka notað sem reykhus nú orðið. Hangilæri og síður hengu þar á þverbitum og uppi í rjáfrinu. Að húsabaki var svo kamarinn enda þótt vatnssalerni væri inni í húsi. Ég tók kamarinn fram yfir því að dagblaðapappír var notaður þar á óæðri endann sem myndbirting snyrtimennskunnar, þó óþjáll væri. Það var Ísafold og Vörður, vikurit með völdu efni úr



Býlið Laxárdalur rétt ofan við Laxárgljúfur.



Guðrún og Steindór á fyrstu búskaparárum sínum í Ási.



Steindór fékk sér í nefið eftir matinn.

Morgunblaðinu, sem lá í bunkum á kamrinum en endaði í djúpum skít ofan í þrónni. Kommúnistaáróðurinn smeygði sér líka inn á náðhúsið sem víðar, því að Nýi tíminn, vikuágrip af Þjóðviljanum, kom í sveitina til Stefáns í Skyggni. Þarna var margt fróðlegt aflestrar og vert að verja þar drjúgum kvöldstundum, þó að birtuskilyrði væru ekki upp á það allra besta, aðeins ljósglæta, sem féll inn um glufu á dyrabúnaðinum.

Þetta var kosningasumar og ég gleypiti í mig alla lesninguna um baráttu þeirra Ásgeirs Ásgeirssonar, séra Bjarna Jónssonar og Gísla Sveinssonar, fyrrv. forseta Alþingis, um forsetaembættið að Sveini Björnssyni, fyrsta forseta Íslands, nýlátnum. Hlustaði líka á þá í útvarpinu. Ég vissi að mitt fólk studdi séra Bjarna og því skyldi ég ekki gera það líka? Foringjar stjórnarflokkanna, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, höfðu lýst stuðningi við séra Bjarna. Ásgeir var gamall Framsóknarmaður og síðar krati, fyrrverandi forsætisráðherra, núverandi bankastjóri og tengdafaðir Gunnars Thoroddsen, sem var ákafur stuðningsmaður hans. Sjálfstæðisflokkurinn var sundraður í þessu máli og Gunnari kennt um, svo að hann hlaut aldrei uppreisn æru hjá ýmsum valdahópum í flokknum. Gísli Sveinsson, sjálfstæðismaður, átti alltaf lítinn séns, þó að hann hefði lýst yfir stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 17. júní 1944, þá sem forseti Alþingis. Nokkru síðar hafði Gísli verið gerður að sendiherra í Osló.

Hrunamannahreppur var og er hið ágætasta kjörland Framsóknarmennskunnar en Steindór í Ási studdi sinn Sjálfstæðisflokk engu að síður. Af því leiddi að hann átti reglulega viðskipti við Verslun Sigurðar Óla Ólafssonar á Selfossi, en Sigurður Óli var jafnframt þingmaður Árnesinga fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Í Ási var stundaður mjólkur- og sauðfjárbúskapur. Tólf mjólkandi kýr í fjósi og eitthvað af kvígum og kálfum en um 200 fjár. Fjósaverkin og annað snatt í kringum kýrnar var efst á verkefnalista hjá hinum nýja “kúarektor” sem ég var jafnan nefndur. Kýrnar voru handmjólkaðar, þó að

mjaltavél væri í fjósinu. Hún hafði ekki skilað tilætluðum árangri og settist heimilisfólkið því undir kýrnar og mjólkaði sjálft. Það kom í minn hlut að mjólka allavega eina kúna kvölds og morgna, hana Rós, sem var mjög virðuleg svart- og hvítskjöldótt ættmóðir í fjósinu. Við mjaltirnar sátum við á gömlum og snjáðum mjaltaskemlum. Fyrst var farið yfir júgur og spena með blautum klút og gat það kallað á hastarleg viðbrögð hjá kúnum ef spenarnir voru sárir vegna sólbruna. Í þeim tilvikum voru júgurmysr borin á júgur og spena að afstöðnum mjöltum. Snærisspotti, hnýttur á þverslá yfir básnum, var í hinn endann bundinn í halann svo að við værum ekki slegin með honum og mykjuleifar á honum sulluðust ekki framan í okkar eða ofan í mjólkina. Síðan heftum við kýrnar á afturfótum til þess að þær stigju ekki upp í mjólkurfötturnar. Þá varð fjandinn laus og þurfti að hella öllu, sem komið var í fótuna, þvo hana rækilega og byrja upp á nýtt.

Þegar lokið var við að mjólka var farið með mjólkina fram í mjólkurhúsið, hún vegin og vigtin skráð í stílabók, en svo hellt í gegnum sigti í 50 lítra mjólkurbrúsa. Brúsinn var settur til kælingar í bæjarlækinn yfir nóttina en fluttur næsta morgun með öðrum brúsa eftir morgunmjaltir á hestvagni niður á brúsapall við þjóðveginn, þar sem mjólkurbíllinn frá Mjólkurbúi Flóamanna sótti þá síðar á morgninum. Allt voru þetta verk kúarektorsins sem sá líka um að reka kýrnar á beit eftir mjaltir. Á bænum var stór International-dráttarvél, hið öflugasta tæki, sem ég leit hýru auga ásamt aftaníkerrunni. Nauðaði ég mjög í Steindóri bónda að fá að skutla mjólkinni niður á brúsapall á traktorinum og einn góðan veðurdag fékk ég leyfi til þess. “Farðu, varlega strákur”, sagði Steini. Svo setti ég í gír og keyrði af stað. Dráttarvélin var þung í stýri og auk þess var bensíngjöfinni stýrt með járnpinna, sem slá þurfti upp og niður með hendinni. Mér leist ekkert á blikuna þegar ég var að bakka og beygja upp að brúsapallinum, alveg við vegkantinn. Rogaðist svo með brúsann upp á pallinn, þar sem hann beið komu mjólkurbílsins frá Selfossi

í nokkra tíma. Með naumindum tókst mér að komast klakklaust heim á bæ aftur og endurtók ekki slíkar traktorsferðir en þróað Steina um að kaupa Ferguson, sem var að koma á flesta bæi, grámálaður, lítill, nettur og þýður, hreint barnameðfæri og myndi henta 9 ára strák býsna vel.

Eiríkur, sem síðar tók við búinu í Ási, vann við öll meiri verk, þá 24 ára gamall. Hann ók traktornum dögum saman yfir nýræktarsvæðin með plóg og herfi. Jarðabætur voru töluverðar í gangi sumrin tvö, sem ég var í Ási. Síðan var Eiríkur lykilmáður í heyskapnum, sló á traktornum en ég fór um flekkina á snúningsvélinni og svo rakstrarvélinni þegar heyið var orðið þurrt og hægt að raka saman. Hestum var beitt fyrir þessi tæki og líka stóran trésleða sem hlaðinn var heyi þegar það var flutt heim í hlöðu. Ég náði í hestana og setti á þá aktygin áður en ég beitti þeim fyrir vélarnar. Ef rigningarspá var skyndilega flutt í útvarpinu að kvöldi var farið á fætur um miðja nótt til að raka saman flötu heyi og hirða eða koma því sem fyrst í sæti. Þegar heyjað var á túnunum fjær bænum var mjólkurbrúsi með sýru hafður nálægur til að væta kverkarnar og oft fór maður með nesti, einhvern matarbita og kaffi á gamalli ákavítisflösku, sem flutt var í uppháum lopasokk. Enn var slegið með orfi og ljá á útengjum og í mýrunum. Stefán, elsti sonur þeirra hjóna, kom heim á sumrin og aðstoðaði við heyskapinn. Annars var hann vetrarmaður í öðrum sveitum eða þá til sjós á togara. Það gekk vel undan Stebba við sláttinn. Beitti hann orfinu af mikilli leikni og sýndi af sér aðdáunarverða handafimi þegar hann brýndi ljáinn. Stebbi sagði fátt, var góðlyndur vinnuþjarkur, sem eyddi svo kvöldunum uppi á lofti með harmonikkunni sinni og spilaði á hana “La Cumparsita” og aðra vinsæla tangóa auk gömlu dansanna sem maður þekkti úr útvarpinu. Snemma að morgni var Stebbi kominn niður í eldhús. Þá fékk maður sér skyrhræring með honum, fullann disk af hafragraut hrærðum saman við skyr. Þetta var borðað súrt og sykurlaust. Matvændni var ekki ljóður á mínu ráði og hefur aldrei verið. Í Ási vandist ég reyktu



Ég fékk að keyra traktorinn, þungan International. Notaður til að plægja og herfa flögin og slá túnin.



Setur minar á snúningsvél og rakstrarvél urðu langar. Hestum var enn beitt fyrir þessi tæki. Unnið var um nætur við að hirða þegar spáð var rigningu.



Ennþá var slegið með orfi og ljá í mýrunum og á útengjum.



Horft frá álfaklettinum Skyggni við Ás, vestur til Mosfells og Búrfells í Grímsnesi.

hrossakjöti með gulleitum fitukeppum. Fiskur kom reglulega frá Selfossi, aðallega saltfiskur og lúða. Þegar kýrnar báru var broddurinn, þykk og rjómakennd mjólkinn sem kýrnar gáfu af sér eftir burðinn, hafður í ábrystir sem litu út eins og Lillu-vanillubúðingur þegar þær höfðu verið hitaðar. Þær voru bornar fram með kanilsykri og berjasaft, sannkallaður herramannsmatur. Ekki var mikið af fersku kjöti á borðum, yfirleitt saltkjöt eða reyktur matur. Undantekningin var kálfakjöt af nýslátruðu. Kálfarnir voru látnir vaxa úr grasi og urðu vinir okkar og gæludýr. Svo kom að skilnaðarstundinni og okkur krökkunum var sagt að fara úr sjónfæri þegar Steindór mundaði kindabyssuna og skaut kálfinn á hlaðinu fyrir neðan fjósið, og notaði síðan hvassan sláttuljá til að skera hann á háls. En við svindluðum auðvitað og fylgdumst með af miklum áhuga og engri sérstakri hluttekningu þegar “leikfélaginn” var tekinn af lífi. Það var líka handagangur í öskjunni þegar hænsnum var slagtað, þau hálshöggvin með exi en tóku engu að síður undir sig stökk svo að hauslaus búkurinn fór sinna eigin ferða langar leiðir. Þessi hrái og blóði drifni raunveruleiki virtist ekki snerta taugar fólksins í sveitinni. Þetta var hluti hins daglega lífs. Af ummælum einhvers dró ég þá ályktun að þá fyrstu fyndu menn til í alvöru sorgar, þegar gamla reiðhestinum væri slátrað.

Meðan kýrnar voru á beit þurfti ég að taka frá einhvern tíma til að moka flórinn og fara svo að sækja þær fyrir kvöldmat. Það gat verið löng leið, því að kúahópurinn komst þótt hægt færi sína drjúgu, daglegu yfirferð og gat verið kominn langleiðina austur að Stóru-Laxá að kvöldi. Kýrnar héldu mikið til innarlega í dalverpi nokkru, þar sem Álfhóll stóð alltignarlegur og bar við himin. Í einverunni fjarri mannabyggðum fannst mér alltaf gætilegra að fara ekki of nærri Álfhóli heldur hóaði á kýrnar þar sem ég stóð fremst í dalnum og kallaði gjarnan á Rós. Hún hlýddi ávallt kalli mínu og rölti af stað með alla halarófuna á eftir sér, þannig að ég taldi mig ekki eiga á hættu að hljóta svipuð örlög og Ólafur Liljurós, að verða seiddur af álfameyjum inn í hólinn. Því er þó ekki að neita að álfatrú og draugasögur sóttu á mig þegar ég rak kýrnar yfir ásana og framhjá sérkennilegum hamraborgum eftir að skyggja tók.


Samskipti fólks voru ekki mikil í sveitinni. Messur í Hruna voru fáar en fólk fór þangað til jarðarfara. Á fáeinum bæjum voru jeppar til að skreppa á milli staða. Sumir fóru á traktorum en aðrir ríðandi. Mannamót voru fremur fátíð. Á Flúðum var þó haldin 17. júní-hátíð og hin árlega samkoma á Álfaskeiði var fjölsótt. Þar fóru fram margvísleg dagskráratriði. Séra

Sveinbjörn Sveinbjörnsson í Hruna flutti ritningarorð og Hreppakórinn söng undir stjórn Sigurðar Ágústssonar í Birtingaholti. Síðan komu fram einhverjir sprellikarlar “að sunnan” með eftirhermur og annað léttmeti en að lokum var stiginn dans á útipalli fram eftir kvöldi. Um miðnætti bjuggust lúnir samkomugestir til heimferðar enda skollinn á blindþoka. Syfjaður og þreyttur sá ég ekki handa skil og greindi varla samferðafólkið en heyrði þó til þess. Hestarnir rötuðu aftur á móti sína leið og skiluðu okkur heim í Ás. Fjölsóttar kappreiðar fóru fram á Sandlæk. Gæðingurinn Jarpur í eigu Eiríks í Ási vann til verðlauna í skeiðinu og vakti mikla athygli fyrir reisu sína og glæsilegt vaxtarlag. Sjálfur var Eiríkur hlaupagarpur og tók virkan þátt í íþróttamótum héraðssambandsins Skarphéðins við Þjórsártún með góðum árangri sem og á Flúðum.



Systkinin Guðrún og Steindór með kálfinn í Ási. Hann var skotinn skömmu seinna.

Nokkrir eftirminnilegir Hreppamenn standa mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum eftir dvölina þar eystra. Einkaerindi ráku menn helst í ausandi rigningu því að enginn gat tekið sér frí frá heyskapnum í brakandi þurrki. Smám saman hafði maður sett sig inn í innansveitarpískur og kjaftasögur Hreppamanna. Eins og ævinlega var erfitt að gera upp við sig hverju af slíku ætti að trúa og hverju ekki. Líney Elíasdóttir, húsfreyja á Sólheimum, kona Brynjólfs Guðmundssonar bónda þar, var persónuleiki þeirrar gerðar, að manni fannst hún sniðin eftir Íslendingasögum eða íslenskum þjóðsögum, kvenskörungur mikill af lýsingum að dæma. Lína hafði yfirgefið sveit sína norður í landi og riðið hesti sínum ein þvert suður um land til að setjast þar að. Jarðir Sólheima og Áss lágu saman og voru sagðar sögur af illdeilum við Línu sem voru eins og svæsnustu úrdættir úr Njálssögu. Þess vegna kom það mjög flatt upp á mig að einn grásvartan eftirmiðdag í hávaðaroki og úrhellisrigningu reið Lína í hlað á Ási og var þá á heimleið austur til Sólheima. Hún var mikil fyrir sér og enn meiri en ella þar sem hún var íklædd víðri gúmmíkápu og með sjóhatt sér til að hlífðar í vatnsveðrinu. Ég fylgdist með af áhuga þegar þau Lína og Steindór gengu inn í hálförökvað eldhúsið. Háft í hvoru hafði ég búist við



Hreppamenn slettu úr klaufunum á árlegum útiskemmtunum sínum á Álfaskeiði sunnan Miðfells.



Samkvæmt þjóðsögunni var dansað forðum í kirkjunni í Hruna. Nú er þar öllu stillilegra.

handalögmálum en allt fór furðu friðsamlega fram þar sem þau sátu og röktu búraunir sínar í óþurrkunum yfir heitum kaffisopanam. Þegar Tumi á Grafarbakka kom í svipaðar heimsóknir til Steindórs á rigningardögum var boðið upp á kaffi og ákavíti út í það. Vín var ekki haft um hönd þegar Línu á Sólheimum bar að garði.

Fólkið í Ási átti mikið tilhlökkunarefni. Til stóð að rafmagn frá nýju Írafossstöðinni við Sog yrði lagt í sveitina á næstunni. Þangað til myndu hreppsþáttar þola skort á þessu sviði en Ásfólkið stóð þó betur að vígi en margir aðrir. Steindór hafði látið beisla bæjarlækinn með steinsteyptri stíflu og rak þar litla vatnsaflsstöð. Orkuframleiðslan fór þó ekki fram nema hluta úr degi yfir sumarið til að fá rafmagn til eldunar og ljósa á kvöldin. Til að setja stöðina í gang hljóp ég niður í stöðvarhúsið litla, skammt fyrir neðan stífluna í læknum. Þar safnaðist upp töluvert vatnsmagn og með því að snúa stóru hjóli opnaði ég lokurnar í stokknum frá lóninu, þannig að vatnið fossaði með miklum krafti inn á vélina í stöðvarhúsinu. Hún tók að snúast og á stuttum tíma var rafallinn kominn á ógnarhaða og amper-mælirinn tók að síga upp á við og ljós að tendrast á perunni í stöðvarhúsinu.



Í heimsókn hjá Eiríki Steindórssyni í Ási 2019.


Fara varð að öllu með mikilli gát enda engar öryggisvarnir á vélinni. Á kvöldin fór ég svo aftur niður að lóninu til að loka fyrir rennslið. Annar kostur fylgdi þessu mannvirki. Ofan við stífluna myndaðist dágóður sundbaðstaður þegar stöðin var ekki í notkun. Þangað fór ég stundum að synda þó að botninn væri þakinn mýrarrauða og brunnklukkur áberandi sprækir sundfélagar.

Þrifalegri baðferðir voru farnar í Hrunalaug fyrir austan bæinn. Hún er í Ás-landi. Sumir vildu meina að Áslaug væri réttnefni en aldrei vissi ég hvort réttara væri. Þar var steyppt ker til sauðfjárböðunar og lítið skýli til að afklæðast og geyma fötin. Eins gott var að fara varlega því að þrepin niður í kerinu voru alþakin sleipu slýi og svo var einnig um gólfið og veggina í kerinu. En vatnið var þægilega heitt og skammt undan var lækur með köldu vatni ef fólk vildi busla í honum á eftir heita baðinu. Þeir sem vildu taka almennilegan sundsprett urðu hins vegar að fara í gömlu sundlauginu við barnaskólann á Flúðum. Hún var fornfálegt mannvirki, hlaðin úr torfi og grjóti. Þó að maður hugsaði ekki út í það á þessum tíma, urðu ýmsar hættur á vegi manns meðvitað eða ómeðvitað. Ástæðan var m.a. sú, að ég sótti fast að fá að prófa sem flest af sveitaverkunum, þó að ég hefði engan veginn aldur til þess. Og það var oftast látið undan þrábeiðni minni. Tíu ára gamall leiddi ég einsamall yxna kú í bolagirðingu nokkurn spöl ofan þjóðvegarins fyrir vestan bæinn. Þar höfðust við þeir Loftur og Skjöldur. Loftur var rautt ungnaut, sem bar þetta nafn vegna þess að hann hafði komið með flugi norðan úr landi til að gagnast kúm Hrunamanna. Skjöldur var miklu eldri og svifaseinni en fallesta svartur og hvítskjöldóttur.

Þar sem ég leiddi kúna í taumi inn í griðinguna sá ég að þeir félagar greikkuðu sporið og hröðuðu sér baulandi í áttina til okkar. Meðan þeir nálguðust hóf ég undirbúningsaðgerðir með því að bakka beljunni upp undir þúfnabarð til að auðvelda Skildi leikinn. Ég veðjaði á hann því að undan honum voru margar ágætar mjólkurkúr. Þegar á hólminn var komið vildi Loftur líka og

varð ég að láta honum það eftir. Leist ekki á blikuna þegar ég sá þá féлага báða fýla grön við beljurassinn og taldi mig afskaplega vanbúinn að fara að troða illsakir við þá féлага ef þeir tækju upp á því að steyta skapi sínu á mér. Verkefnið var afgreitt í fullri vinsemd og aðilar héldu hverjir í sína áttina, þeir Loftur og Skjöldur að bita gras innar í girðingunni en ég teymdi kúna heim á bæ. Þar var þess beðið með nokkurri eftirvæntingu hvort hún myndi halda eða beiða upp. Það þýddi að aftur yrði að leiða hana undir naut meðan hún væri yxna. Til þess kom þó ekki og gekk þessi frumraun mín í að koma á stefnumóti við bola eins og best varð á kosið.

Í næstu girðingu voru hestarnir í Ási hafðir í haga. Ekki var það oft sem tækifæri gafst til útreiðartúra en eitt af morgunverkunum meðan heyannir stóðu yfir var að fara í girðinguna að sækja hest, sem beitt yrði fyrir hevvinnuvélarnar þann daginn. Þeir Skuggi og Krummi voru dugleg dráttardýr og ágætir reiðhestar líka. Þegar ég kom eitt sinn í girðinguna með beislið sýndi Krummi af sér óvenjulegt uppátæki og lét ekki ná sér en sneri afturendanum að mér, skvetti báðum afturlöppunum og sló mig bylmingshögg sem kom á magann. Skipti það engum togum að ég tókst á loft og kom niður á þúfnabarð skammt frá. Varð mér ekki meint af en fór ætíð gætilegar þegar ég sótti hest eftir þetta. Eitt sinn var ég nokkuð hætt kominn á hestbaki þegar ég var einn á ferð á gæðingum Bleik, sem tók undir sig stökk og hljóp eins og á kappreiðum eftir beinum sveitaveginum þannig að ég fékk ekki við neitt ráðið en hélt dauðahaldi í faxið og talaði í örvæntingu til hestsins ef ske kynni að ég gæti róað hann. Bleikur lét loks að stjórn og þessari flengreið lauk án skakkafalla. Seinna sumarið í Ási hafði ég gengið til ýmissa almennra verka við sveitastörfin. Steindór bóndi sýndi því virðingarvott með því að greiða mér 500 krónur þegar ég kvaddi um haustið. Kom það sér vel, Ég óx hratt og þurfti að kaupa mér nýja peysu og buxur fyrir veturinn.



Rafmagnið kom í Hreppana eftir að Írafosstöðin við Sog var tekin í notkun í október 1953.



500-kall í kaup eftir sumardvölinu í Ási. Hann var notaður til fatakaupa um haustið.

Eldsvoðar röskuðu hugarró

Enn er mér í fersku minni þegar ég stóð þriggja ára gamall uppi á olíutunnu við bárujárnsgirðingu á Bókhlöðustígnum og horfði yfir svæðið út að Amtmannsstíg, sem var ein rjúkandi rúst. Enn lifði í einhverjum glæðum í föllnum timburhúsum. Allt sótsvart. Þetta var sunnudaginn 17. nóvember 1946. Um nóttina hafði orðið þarna einn af stórbrununum í Reykjavík. Slökkviliðið var enn við störf. Það lágu slöngur niður Bókhlöðustíginn, því að vatni var dælt úr Tjörninni til að ráða niðurlögum eldsins.

Mér stóð stuggur af þessum háskalegu atburðum. Reykjarmökkurinn, sem enn lagði upp af rústunum og lyktin sem frá þeim lagði gerði mig skelkaðan. Tvö íbúðarhús og einn íbúðarskúr höfðu brunnið til ösku þá um morguninn. Voru þetta hús nr. 4 og 4A við Amtmannsstíg og bjuggu til samans í húsunum og skúrnum 24 manns, sem voru orðin heimilislaus. Auk þess brann hús K.F.U.M. við Amtmannsstíg mikið og eldur komst í nokkur önnur hús þarna í nágrenninu. Um tíma voru samtals 11 hús í hættu frá eldinum og milli þessara húsa var olíuport Hins íslenska steinolíuhlutafélags. Af frábærum dugnaði tókst slökkviliði bæjarins að bjarga 8 húsum, tiltölulega lítið skemmdum, sem í hættu voru. Lengi vel á eftir var ég hræddur við brunabílana, þegar þeir óku um götur bæjarins með blikkandi rauðum ljósum og sírenuvæli. Ég hafði ekki áhuga á að elta þá uppi og sjá hvað væri að gerast eins og margir aðrir. Það var með hálfum huga sem ég áráddi að ganga framhjá slökkvistöðinni í Tjarnargötu 10, hálfhræddur

um að bílskúrhurðunum yrði rennt upp og bílarnir æddu út. Í turninum í baklóðinni voru brunaslöngurnar hengdar upp til þerris þegar liðið kom af vettvangi og fylgdi því oft mikið vatnsrennsli um portið og út í Tjarnargötuna. Eldsvoðar voru tíðir í bænum og margir illviðráðanlegir í stórum timburhúsum.



Árið 1946 var slökkviliðið í Reykjavík kallað út 278 sinnum og af þeim var eldur uppi í 186 tilfellum. Slökkviliðið átti sérkennilegt samsafn af bílum á ofanverðum fimm ára áratug síðustu aldar. Stigabíllinn var opinn og þeir sem í honum óku því undir beru lofti í öllum veðrum. Nýjustu slökkvibílarnir voru frá stríðsárunum en þarna var líka dælukerra, mjög forn í útliti auk Buick fólksbíls frá 1936, sem liðsmenn voru fluttir í á brunastað, þ.e. þeir sem ekki gátu staðið aftan á slökkvibílinum. Þrjár eða fjórir brunaverðir í gulröndóttum regnkápum og klostígvélum með fornfálegan hjálm á höfði, stóðu nefnilega úti á þrepi aftast á bílunum og

héldu sér fast, sérstaklega í beygjunum. Annars var þetta ekki neinn sérstakur hraðakstur, því að bílarnir voru mjög þungir á sér með tankfylli af vatni. Mikið var líka treyst á varaliðsmenn, sem kvaddir voru til ef um stórbruna var að ræða. Gunnar Sigurðsson, múrari, nágrenni fólksins míns á Frakkastígnum, var einn þeirra. Heima hjá honum var stór bjalla uppi á vegg, sem tengd var boðunarkerfi slökkviliðsins.

Mismunandi margar langar og stuttar hringingar gáfu til kynna, hvar varamaðurinn ætti að mæta í brunaútkallið og hékk listi yfir staðina á veggnum undir bjöllunni. Heima á snaga hafði hann hjálm, brunaöxi og fullan galla, sem hann þreif með sér á hlaupunum þegar kallið kom. Þar sem bílæign var óalgeng var gert ráð fyrir að varaliðsmenn í slökkviliðinu gætu veifað til ökumanna á götunni og beðið þá um ókeypis far. Útbreiðsla heimilissíma var takmörkuð og voru því hringlaga brunaboðar utan á húsum allvíða um bæinn afar nauðsynlegir af öryggisástæðum.



Brunaútkall að lyfjabúðinni Iðunni. Slökkvibílarnir komnir til ára sinna en búnir háþrýstidælum.



Móttökutæki á slökkvistöðinni fyrir upphringingar frá brunaboðum víða um bæinn.



Þyrfti slökkviliðsins við var hlaupið að rauðmáluðum brunaboðanum, og lítil glerplata framan á honum brotin til að komast að hnappi, sem þrýst var á. Þar með voru boð send á slökkvistöðina í Tjarnargötu, þar sem varðstjórinn gat strax séð hvaðan þau komu. Síðan átti viðkomandi að bíða komu slökkviliðsins og beina því á brunastað ef hann lá ekki í augum uppi.



Fjölmenni sótti sýningar sem slökkviliðið efndi til í miðbæ Reykjavíkur. Vatni pusað á Miðbæjarskólann.

Alltaf var nokkuð um að slökkviliðið væri gabbað með tilefnislausu útkalli um brunaboðana. Þess vegna voru viðvörunarskilti í þeim, þar sem tekið var fram: “Misnotkun verður hegnt”. Það átti sem sé að hegna mönnum fyrir slík brot sem vonlegt var. Fyrst þegar ég fór að geta lesið stóð ég í þeirri meiningu að viðurlögin væru ekkert minni en að fólk yrði hengt fyrir að plata slökkviliðið. Ég var sannarlega í fullum rétti til að brjóta glerið á brunaboðanaum og ýta á takkann, þegar ég hafði hlaupið út úr brennandi húsinu á Frakkastíg 9.

Laugardaginn 16. maí 1953 hljóðaði inngangur baksíðufréttar í Morgunblaðinu svo: “LAUST fyrir klukkan 6 á uppstigningardag kom upp eldur í húsinu að Frakkastíg 9 hér í bæ, sem er tvílyft timburhús, eign Ágústar Markússonar, veggfóðrarmeistara. — Þegar slökkviliðið kom á vettvang stóðu eldtungurnar út um giugga á miðhæðinni. — Húsið má heita ónýtt.”

Við systkinin vorum í heimsókn hjá Ásu frænku okkar á efri hæðinni. Ég las í bók undir súðinni en varð var við eitthvert undarlegt þrusk og skarkala sem barst upp í gegnum vegginn.

Fórum við fram á stigagatið að aðgæta hvað væri á seyði. Var ekki að sökum að spyrja, að neðri hæðin var alelda. Ása var skelfingu lostin þegar hún sagði okkur að yfirgefa húsið.

Minnugur þess, að nú þyrfti ég að brjóta glerplötuna á brunaboðanum, tók ég barefli með mér og hljóp niður útitröppurnar og þurfti að beygja mig undir eldtungurnar, sem stóðu út úr gluggunum. Hljóp ég svo á sokkaleistunum upp á Laugaveg, þar sem brunaboðinn var. Slökkviliðið var komið von bráðar og hóf að slökkva eldinn með háþrýstidælum, sem voru tiltölulega nýjar af nálinni. Rúðurnar sprungu um leið og öflugri bununni var beint á þær. Heimili Ágústis gjöreyðilagðist í eldinum en íbúð Ásu á efri hæðinni skemmdist lítið. Var talað um að Markús langafi minn hefði verið eldhræddur og fyllt vel upp í með sandi á milli hæða þegar hann reisti húsið. Tjónið var tilfinnanlegt, því innbú var lítið sem ekkert váttryggt. Gert var við húsið um sumarið og íbúar gátu flutt inn aftur síðsumars. Þetta var vissulega mikil lífsreynsla og áfall fyrir fólkið á Frakkastígnum og okkur systkinin. Vel rættist úr húsnæðismálum Ásu, Ágústis og Erlu dóttur hans til bráðabirgða, enda áttu þau góða vini að. Það liðu ekki nema tvær vikur þar til ég varð fyrir öðru áfallinu í eldsvoða.

Frétt Alþýðublaðsins:


**Börnin misstu allan fatnað sinn,
er bifreiðin brann, sem flutti þau**

**Fólk kom með vatn á mjólkurbrúsum,
en fékk ekki við neitt ráðið**

Fregn til Alþýðublaðsins. Flúðum, Árn. í gær.

Í FYRRADAG KVIKNADI í vörupalli hálfkassabifreiðarinnar R 725, þar sem hún var á ferð á veginum um svokallaðan Dalbæjarmóa, skammt frá bænum Miðfelli í Hrunamannahreppi. Er þetta áætlunarbifreið á leiðinni Reykjavík—Hrunamannahreppur, meðal farþega voru nokkur börn, er voru að fara í sumardvöl í sveitina og misstu þau allan fatnað og annað, er þau höfðu meðferðis.

Hinn 1. júní 1953 brann rútabíllinn, sem ég var að ferðast með í sveitina austur að Ási í Hrunamannahreppi. Málavextir voru þeir að það kviknaði í vörupalli hálfkassabifreiðarinnar R 725, þar sem hún var á ferð á veginum um svokallaðan Dalbæjarmóa, skammt frá bænum Miðfelli í Hrunamannahreppi. Þetta var áætlunarbifreiðin á leiðinni R«ykjavík—Hrunamannahreppur og meðal farþega vorum við nokkur börn að fara í sumardvöl í sveitina. Misstum við allan fatnað og annað sem við höfðum meðferðis. Heimilismenn frá Miðfelli brugðust skjótt við og komu með vatn í mjólkurbrúsum og reyndu að slökkva eldinn, en fengu lengi vel ekki við neitt ráðið, og brann bílpallurinn allur og tjaldið yfir honum og allt, sem á honum var. að undanteknum nokkrum áburðarpokum. Sömuleiðis, brann þakið ofan af farþegahúsinu að nokkru leyti, áður en eldurinn varð slökktur. Talið var líklegt að kviknað hefði í pallinum út frá púströri. Sigurjón Guðjónsson, sérleyfishafi og bílstjóri í þessari ferð, hafði ekki orðið neins var þegar hann nam staðar við heimreið að næsta bæ á undan og tók farangur af pallinum. Sigurjón skipaði okkur að halda okkur frá bílnum. Maður settist bara á þúfu og horfði á ósköpin og vonleysislegt slökkvistarf Sigurjóns, sem hafði aðeins lítið handslökkvitæki að vopni og var að reyna að slökkva með því í skíðlogandi dekkjunum undir bílnum. Öll mín föt urðu eldinum að bráð og lítil myndavél, sem ég hélt mikið upp á. Það vafðist eitthvað fyrir fólki, hvað gera skyldi næst. Fyrst eftir áfallið vorum við öll í miklu uppnámi yfir missinum en þarna var ekkert að gera lengur og enginn til að sinna manni svo að ég kvaddi hópinn og tók undir mig stökk og hljóp allslaus af brunastaðnum um 6 kílómetra leið heim að Ási. Þar hitti ég fyrir Steindór bónda og sagði honum tíðindin og vildi svo setja endapunkt við þessa dapurlegu lífsreynslu og sagði. ”Já. Svona fór um sjóferð þá”. Eins og ég vildi segja strax skilið við þennan kafla. Allt sumarið var framundan. Nauðsynlegasta fatnað fékk ég sendan skömmu seinna, þegar ”assúransinn” eða tryggingarnar höfðu greitt smábætur fyrir tjónið. Þá var ég reyndar kominn í gamlan samfesting sem til var á bænum og fór helst



“Kaggi” eins og sá, sem kviknaði í. Aftan við farþegarýmið var vörupallur með seglyfribreiðu.



Glatt logaði í dekkjunum.



Myndavélin mín brann eins og annar farangur sem ég hafði meðferðis í sveitina.

ekki úr honum það sem eftir lifði sumars. Nokkuð var rætt um bílbrunann í sveitinni og heyrði ég að við mættum þakka fyrir að vera á lífi. Litlu hefði munað að eldurinn læsti sig í bensíntankinn meðan við vorum enn í bílnum og hefði þá ekki verið að sökum að spyrja. Eitt allsherjar "bang". Þegar ég fór heim um haustið var bíllinn aftur kominn í notkun og erfiðaði mjög á leiðinni upp Kambana, fullur af fólki og með hlass á pallinum aftan við. Þegar hann mjakaðist upp brúnina á Hellisheiðinni barst mikil hitalykt um farþegarýmið því að það sauð á honum og tók að rjúka upp af vatnsgeyminum. Ég ókyrrðist mjög, stóð upp og varð óttasleginn. Um leið og bíllinn var stöðvaður og dyrnar opnaðar tók ég undir mig stökk og lét mig hverfa langt út í móa. Ég ætlaði að forða mér áður en bíllinn springi í loft upp. Þetta hafði verið of stór skammtur á stuttum tíma fyrir 10 ára dreng.


Þegar dvöl minni í Ási var lokið ríkti nokkur óvissa um sumarstörf mín. Til stóð að ég færi að breiða fisk úti við flugvöll en það fór öðruvísi. Ég fékk nefnilega vinnu við að rekka timbur hjá timburverslununum Byggi við Háaleitisveg og seinna Timburverslun Árna Jónssonar í Mjólnisholti. Timbrið var flutt óflokkað á vörubíl frá skipsfjölg og sturtað af bílnum í portinu. Var þar gengið á hrúguna og farið að velja viðarborðin eftir lengdum og þykktum og raða þeim saman í stæður. Ég var orðinn 11 ára og og vann vejulega á móti fullorðnum við burðinn á timbrinu. Nokkrar skemmtilegar skólastúlkur úr menntaskóla voru þarna einnig við þessa erfiðisvinnu og eru mér sérstaklega minnisstæðar þær Áslaug Ottesen og Albína Thordarson. Við tókum daginn snemma, vorum mætt til vinnu kl. 7.20 og unnum til kl. 17.00 með stuttu matarhléi og kaffipásu. Oft var unnið áfram til kl. 19.00.

Magnús Jóhannesson stjúpi minn hafði rekið lítið trésmíðaverkstæði með félögum sínum í kjallaranum undir Dósaverksmiðjunni í Borgartúni 1. Það lagði upp laupana aðallega vegna þess að ekki fékkst timbur til smíðanna vegna strangra innflutningshafta þar sem "hinir stóru" voru látnir ganga fyrir. Er mér

minnisstætt þegar ég fór í hverja píslargönguna af annarri með móður minni sem var í útréttingum fyrir trésmíðaverkstæðið við að leggja inn umsóknir á skrifstofum ráða og nefnda eða taka á móti skriflegum synjunum á fyrri beiðnum um timburkaup. Þetta gekk ekki lengur og var Magnús allengi að leita eftir atvinnu. Meðal annars kom til greina að hann færi sem "timburmaður" á millilandaskip en Keflavíkurflugvöllur varð að lokum lausnin fyrir hann eins og marga iðnarmenn- og verkamenn á þessum árum. Á Vellinum starfaði Magnús við húsbyggingar á vegum Byggis, sem var eitt af fyrirtækjum Sambandsins. Ég beið ekki boðanna og notaði tækifærið til að fara með Steindórsrútinni suður á Völl til að hitta Magnús og skoða flugvélar. Æðislegt. Þrýstiloftsflugvélar ameríska hersins knúnar eldspúandi hreyflum tóku sig á loft með þrumugný og léku listir sínar með vaggi og veltu í loftinu í nágrenni flugvallarins. Á svæði varnarliðsins var iðandi athafnalíf og hver íbúðablokkin af annarri í smíðum. Í matarhléi fórum við að borða í "messennum", gríðarstórri mótuneytisskemmu þar sem boðið var upp á margvíslegt amerískt góðgæti sem ekki var á borðum hjá okkur inni í Reykjavík.

Lengi vel var allt óráðið um framtíðarstarf Magnúsar. Vinur hans Kristinn Steingrímsson, stýrimaður, var nýlega fluttur til Nýja Sjálands þar sem hann varð síðar stórbóndi. Kiddi Steingríms sendi bréf og myndir til að lýsa atvinnutækifærunum sem við blöstu í Auckland og Wellington og hagstæðum kjörum sem biðu innflytjenda þar. Guðmundur Hjaltason var annar brottfluttur vinur fjölskyldunnar. Hann og kona hans höfðu tekið sig upp með börn og buru og sest að í Vancouver í Kanada, þar sem byggingariðnaðurinn stóð í blóma og mikil eftirspurn var eftir húsasmíðum. Ég var farinn að skoða náíð frímerkin mín frá þessum löndum. Það munaði minnstu að ég yrði Nýsjálandingur eða Kanadamaður.





Horft inn í himnaríki. "Máriá, mild og há, móðir Guðs á jörð". Lokaatriðið í Gullna hliðinu eftir Davíð Stefánsson á sviði Þjóðleikhússins 1952. Ljósmyndir: Sigurhans Vignir.

Töfrar leikhússins létu mig ekki ósnortinn þegar ég kom barn að aldri á sýningar í Þjóðleikhúsinu, hinu nýja musteri íslenskra lista við Hverfisgötuna. Sýningar á verkum íslenskra höfunda þóttu mér athyglisverðar.



Piltur og stúlka eftir sögu Jóns Thoroddsen, 1953, í leikgerð Emils Thoroddsen og Indriða Waage.

Leikkonur: Arndís Björnsdóttir, Bryndís Pétursdóttir, Sigríður Hagalín og Emilía Jónasdóttir.



Tyrkja-Gudda, leikrit eftir séra Jakob Jónsson fjallar um örlög Guðríðar Símonardóttur eftir Tyrkjaránið. Sýnt 1952. Leikarar á mynd: Baldvin Halldórsson, Arndís Björnsdóttir og Regína Þórðardóttir.



Nýársnóttin eftir Indriða Einarsson. Opnunarsýning Þjóðleikhússins 1950.



Í næsta hefti:

**Á milli
tektar
og
tvítugs**